


# 2015

## Skýrsla starfshóps um móðurmálskenndu barna með annað móðurmál en íslensku



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Útgáfa: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur 2015  
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson

Starfshópur um móðurmálskennslu barna með annað (eða fleiri) móðurmál en íslensku.

Sabine Leskopf formaður

Jóna Björg Sætran

Rósa Björg Þorsteinsdóttir starfsmaður

Fríða Bjarney Jónsdóttir

Steingerður Kristjánsdóttir

Renata Emilsson Peskova

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Tillögur starfshópsins .....	3
Tillaga 1. Í skóla- og frístundastarfi SFS verði áhersla lögð á virkt tvítýngi:.....	3
Tillaga 2. Móðurmálskennsla – móðurmálsörvun.....	4
Tillaga 3. Foreldrasamstarf .....	5
Tillaga 4. Gagnagrunnur, símenntun, fræðsla og upplýsingagjöf.....	6
Tillaga 5. Efling málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik-og grunnskólum .....	6
Inngangur .....	8
Starfshópur um móðurmálskennslu.....	8
Skilgreiningar á hugtökum.....	10
Stuðningur við þróun móðurmáls. ....	11
Heimildaskrá.....	15
Viðauki 1: Erindisbréf fyrir starfshópinn.....	17
Viðauki 2: Samantekt um vinnu starfshópsins .....	18
Viðauki 3: Börn með annað móðurmál en íslensku - greiningar og stuðningur.....	22
Viðauki 4: Tölfræðilegar upplýsingar um fjölda barna af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi.....	23
Viðauki 5: Stefna SFS um fjölmenningslegt skóla- og frístundastarf .....	25
Viðauki 6. Læsisstefna Leikskóla <i>Lesið í leik</i> .....	29
Viðauki 7: Útdráttur úr drögum að þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2015–2019 .....	31
Viðauki 8: Verkferill v. pólskumælandi tungumálaleiðbeinanda í leikskóla.....	32
Viðauki 9: Punktar um foreldrasamstarf .....	33
Viðauki 10. svar MMR vegna beiðni sambands íslenskra sveitarfélaga um að stofnaður verði starfshópur um móðurmálskennslu að frumkvæði SFS .....	35
Viðauki 11. Dæmi um fjarnám / nám í erlendum móðurmálum.....	36
Viðauki 12. Svör umboðsmanns við fyrirspurn samtakanna Móðurmál um túlkun á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.....	37
Viðauki 13. Samningur um samskipti .....	39
Viðauki 14. Bréf frá skólastjórnendum í Grafarvogi og á Kjalarnesi.....	40
Viðauki 15. Samantekt um aðferðir annarra landa .....	41

## Tillögur starfshópsins

### Tillaga 1. Í skóla- og frístundastarfi SFS verði áhersla lögð á virkt tvítyngi:

- **Ráðnir verði tvítyngdir kennarar (farkennarar) í grunnskólanum sem tala algengustu tungumálin sem töluð eru af fjöiltyngdum grunnskólanemendum.**
  - Hlutverk kennaranna verði tvönniskonar, annarsvegar að kenna móðurmál nemenda og hinsvegar að vinna sem tvítyngdir fagkennarar þ.e. styðja nemendur sem ekki hafa náð fullum tökum á íslenskunni í náminu.
  - Skilgreina þarf vel hlutverk tvítyngda kennarans og gera þarf ráð fyrir undirbúningstímum sem fara m.a. í samvinnu við aðra kennara, hugsanlega samskipti við heimilin o.fl. sem nýtist nemendum og skólanum.
    - Nauðsynlegt er að skapa þessum kennurum gott faglegt umhverfi þannig að þeir tilheyri fagteymi sem þeir vinna náið með.
- **Farið verði af stað með tilraunaverkefni í haust 2015 þar sem ráðnir verði tveir tvítyngdir kennarar.**
  - Kennararnir verði ráðnir við tvo skóla í borginni þar sem þeir vinna sem tvítyngdir faggreinakennarar og móðurmálskennarar en tungumálin verða ákveðin í samráði við viðkomandi skóla.
  - Kennsluráðgjafi í fjölmenningu við grunnskólana veiti skólunum og kennurum faglegan stuðning til að móta starfið.
- **Ráðnir verði tungumálaleiðbeinendur eða brúarsmiðir í leikskóla og frístund.**
  - Brúarsmiðir/tungumálaleiðbeinendur sinni móðurmálsstuðningi og menningarmiðlun líkt og fordæmi eru fyrir í með pólskumælandi stuðningi í leikskóla (sjá nánar viðauka nr. 8).
- **Efla þátttöku allra barna með annað móðurmál en íslensku í frístundastarfi.**
  - Tryggt verði að öll börn með annað móðurmál en íslensku sem hefja skólagöngu á Íslandi í fyrsta sinn á aldrinum 6-8 ára, fái boð um þátttöku í frístundastarfi fyrstu þrjú mánuðina eftir að skólaganga þeirra hefst, foreldrum þeirra að kostnaðarlausu. Í frístundastarfinu gefst tækifæri til að vinna markvisst með félagslega tungumálið og efla virka þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku í íslenskri barnamenningu.
  - Tryggt verði að öll börn sem búið hafa skemur á Íslandi en tvö ár og eiga annað eða báða foreldra af erlendum uppruna, fái 3 vikur í sumarstarfi án endurgjalds.
- **Styrkja faggreinakennara í aðferðum til að vinna með íslensku sem annað mál.**
  - Lögð verði áhersla á að nýta orðaforða úr öllum faggreinum grunnskólans til að kenna og efla bóknámsorðaforða tví- og fjöiltyngdra nemenda.
  - Skólar nýti færar leiðir til að vinna þvert á íslensku og móðurmál nemenda með samstarfi við þá og foreldra þeirra.
- **Starfshópurinn styður tillögu Fagráðs um læsi** varðandi það að við endurskoðun á hlutverki kennsluráðgjafa í þjónustumiðstöðum og við ráðningu sérfræðinga í miðstöð máls- og læsis verði sérstaklega hugað að því að viðkomandi aðilar hafi

þekkingu á þróun máls og læsis barna með annað móðurmál en íslensku bæði hvað varðar vinnu með móðurmál og íslensku sem annað mál.

## Tillaga 2. Móðurmálskennsla – móðurmálsörvun

- **Markviss og skipulögð móðurmálskennsla fyrir 6-16 ára grunnskólabörn.**
  - Tvítyngdir kennarar fari á milli skólanna og kenni t.d. einn dag í senn í hverjum skóla, eða í hverju hverfi (fer eftir aldri og fjölda nemenda). Að auki verði hóptímar skipulagðir fyrir nemendur þeirra skóla sem ná ekki lágmarksfjölda (þar sem t.d. einungis einn eða tveir nemendur eru til staðar í hverju tungumáli).
  - Kennslan verði skipulögð sem farkennsla fyrir stærstu tungumálahópna með aðstoð upplýsingatækni, þ.e. **fjarnám nemenda í bland við staðlotur.**
  - Gera þarf ráð fyrir aukakostnaði grunnskólanna vegna umsjónar með fjarnáminu á hverjum stað, þar sem ekki er heppilegt að nemendur séu alveg á eigin vegum í þeim hluta námsins, einkum þeir yngri (sjá viðauka nr. 12).
  - Styrkja Tungumálaverið í Laugalækjarskóla til að bæta við tungumálum (nú er kennd þar pólska, norska og sænska) og nýta þá reynslu sem hefur gefist af því starfi til uppbyggingar móðurmálskennslu.
- **Formgera samstarf Reykjavíkurborgar við ríkið og önnur sveitarfélög um móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna.**
  - Samstarf verði um skipan móðurmálskennslunnar, námskrárgerð, mat á móðurmálskunnáttu nemenda og kröfur um menntun móðurmálskennara.
  - Skoða þarf hvort námskrá í erlendum tungumálum henti sem námskrá fyrir móðurmálskennslu.
- **Fjölga leikskólum sem bjóða upp á *Gaman saman* fyrir fjöltyngdar fjölskyldur.**
  - Nýta verkefnið **Gaman saman** fyrir pólskumælandi fjölskyldur sem verið hefur í leikskólanum Garðaborg undanfarin 4 ár (og nú leikskólanum Álftaborg) sem fyrirmynd til að setja af stað sambærileg verkefni á fleiri tungumálum í leikskólum fyrir fjölskyldur barna á leikskólaaldri. Þar fá börnin tækifæri til að hitta jafnaldra, leika og læra í gegnum móðurmálið.
- **Festur verði í sessi gagnvirkur samningur við samtökin Móðurmál um húsnaði og fræðslu á vegum SFS.**
  - Byggja upp samtökin Móðurmál sem **Miðstöð** sem öll skólastigin geta nýtt til ráðgjafar og fræðslu.
- **Formgera samstarf við önnur frjáls félagasamtök varðandi móðurmálskennslu innan borgarinnar.**
- **Hefja og efla alþjóðlegt samstarf um móðurmálskennslu.**
  - Skoða möguleika á tvíhliða samningum, fjarkennslu ofl. (sjá Eurydice skýrslu 2009).
  - Leita til Menntasviðs HÍ um samstarf og sækja um fjármagn erlendis, hugsanlega í norrænu samstarfi.
  - Leita á skilvirkan hátt eftir samstarfi við önnur lönd sem eru tilbúin að styðja vð móðurmálskennslu annað hvort sem námsframboð eða stuðning í formi kennsluefnis eða fræðslu fyrir kennara.

- Hægt er t.d. að horfa til samstarfs á milli Svíþjóðar og Noregs um vefinn Tema morsmál : <http://morsmal.no/> en þar er fjöldinn allur af tungumálum bæði til upplýsingar og sem námsefni.

### Tillaga 3. Foreldrasamstarf

- **Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar verði lögð áhersla á að kennarar og starfsfólk styðji á fjölbreyttan hátt við foreldra í sínu hlutverki sem fyrstu kennarar barna sinna þegar kemur að örvun og þróun móðurmáls.**
  - Í upphafi skólagöngu barna í leik- og grunnskóla sé samtalið við foreldra um hlutverk þeirra í þróun máls og læsis. Styðja þarf við það hlutverk þeirra með markvissum hætti alla skólagönguna.
  - Veita foreldrum aukinn aðgang að skólum barnanna, t.d. með því að bjóða foreldrum barna af erlendum uppruna uppá íslenskukennslu í skólahverfinu.
  - Leita eftir samstarfi við foreldra um aukinn lestur á fjölbreyttum móðurmálum í samstarfi við Borgarbókasafn.
  - Efla fræðslu og upplýsingagjöf í formi rafrænna upplýsinga (myndbönd, tal og textar) og bæklinga til foreldra og kennara um sameiginlega ábyrgð þeirra á þróun móðurmálsins, íslensku sem annars máls og áhrif málproska á nám og félagsþroska.
  - Setja á fót tilraunaverkefni sem væri samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila/frístundamiðstöðva, með því markmiði að fræða foreldra um mikilvægi skipulags frístundastarfs.
- **Ákveðið fjármagn verði lagt til þróunarstarfs í skólum til að efla foreldrasamvinnu með áherslu á foreldra af erlendum uppruna.**
- **Starfshópurinn tekur undir eftirfarandi tillögur úr stefnu SFS um fjölmennigarlegt skóla- og frístundastarf:**
  - Allur kostnaður vegna túlkajónustu verði greiddur úr miðlægum potti.
  - Bæta upplýsingagjöf um skóla- og frístundastarf, bæði með rafrænum hætti en einnig með fræðslu- og upplýsingafundum fyrir foreldra.
  - Starfsstaðir geri í upphafi skólagöngu barna samning við foreldra um samskipti þar sem tekið er fram á hvaða hátt foreldrar og skóli/frístundaheimili telji farsælast að eiga í samskiptum. (Sjá viðauka nr. 14).
- **Fara í samvinnu við Samfok** um að efla samstarf við foreldra af erlendum uppruna
  - Nýta má fyrirmyndir frá Noregi þar sem foreldrasamtök hafa haft frumkvæði að því að koma á foreldraneti, þ.e. tengslaneti á milli foreldra á mismunandi tungumálum.
- **Koma á formlegu samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins** vegna upplýsingagjafar og stuðnings til verðandi foreldra og foreldra ungra barna þar sem áhersla verður lögð á hlutverk foreldra sem fyrstu kennara barna sinna varðandi þróun máls og læsis.

#### Tillaga 4. Gagnagrunnur, símenntun, fræðsla og upplýsingagjöf

- **Efla upplýsingagjöf með því að samræma upplýsingaefni á íslensku og erlendum tungumálum** á markvissan hátt (útbúa grunnskólasíðu í fjölmenningu sbr. leikskólaútgáfa af *Allir með*). Grunnskólakennarar kalla eftir einfaldara aðgengi en nú er að slíkum upplýsingum.
- **Fundin verði leið til að koma upplýsingum á erlendum tungumálum inn á heimasíður allra starfsstöðva SFS.**
  - Sjá t.d. heimasíðu leikskólans Mýri: [www.myri.is](http://www.myri.is)
- **Opna fyrir þann möguleika í Rafrænni Reykjavík að skrá fleiri móðurmál fyrir nemendur.**
- **Námsleiðir fyrir tvítyngda kennara.**
  - Byggð verði upp fræðsla fyrir tvítyngt starfsfólk og kennara í skóla- og frístundastarfi með það að markmiði að virkja þá til að styðja við fjölbreytt móðurmál á markvissari hátt.
  - Til þess að geta í framtíðinni ráðið tvítyngda kennara í meira mæli þarf að koma af stað samtali við Háskóla Íslands um að forma nám / námskeið fyrir móðurmálskennara.
- **Símenntun kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi**
  - Styrkir verði veittir til efla þekkingu kennara og starfsfólks á fjölmenningu og mikilvægi móðurmáls í námi barna, sbr. núverandi stuðning við fræðslu um fjölmenningu sem SFS stendur að í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ í tengslum við stefnu SFS um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf „Heimurinn er hér“.
- **Starfshópurinn styður tillögur Fagráðs um læsi varðandi símenntun og fræðslu um virkt tvítyngi.**
- **Tryggð verði áframhaldandi miðlun og öflun upplýsinga á Tungumálatorgi.**
  - Þeim gagnagrunni sem þegar hefur orðið til á Tungumálatorgi verði viðhaldið og tryggt að þær upplýsingar sem þar eru nýtist í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

#### Tillaga 5. Efling málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik- og grunnskólum

- **Starfshópur um móðurmálskennslu fagnar tillögum fagráðs í læsi og leggur áherslu á að við innleiðingu þeirra vinnubragða verði sérstaklega hugað að eftirfarandi:**
  - Að sú framtíðarsýn sem kemur fram í tillögu eitt um 90% árangur grunnskólanemenda í lestrarskimun í öðrum bekk (Læsi2) og öðru hæfnisprepi í PISA 2018 nái jafnframt til nemenda með annað móðurmál en íslensku.
  - Að við endurskoðun læsisstefnu SFS fyrir leikskóla og lestrarstefnu SFS fyrir grunnskóla verði hugað sérstaklega að virku tvítyngi þegar kemur að snemmtækri íhlutun og vinnu með grunnþætti bernskulæsis, markvissri lestrarkennslu í öllum árgöngum grunnskólans og eftirfylgni með stöðu og framförum barna. Á sama hátt



tekur hópurinn undir tillögur fagraðsins um aukið samstarf og virka þátttöku foreldra í þróun máls- og læsis þvert á tungumál.

- Að við endurskoðun á hlutverki kennsluráðgjafa í þjónustumiðstöðum og við ráðningu sérfræðinga í miðstöð máls- og læsis verði sérstaklega hugað að því að viðkomandi aðilar hafi þekkingu á þróun máls og læsis barna með annað móðurmál en íslensku bæði hvað varðar vinnu með móðurmál og íslensku sem annað mál.
- Að við mat og skimun á framförum barna með annað móðurmál en íslensku verði hugað að því að börn séu að læra á tveimur eða fleiri tungumálum. Gera þarf kröfur um markvissar framfarir tví- og fjöltýngdra barna alla skólagönguna. Hafa ber í huga að skimunartæki og matstæki sem stöðluð eru fyrir íslenskumælandi börn veita einungis vísbendingar um framfarir tvítýngdra barna en eru ekki fullnægjandi mælitæki. (sjá viðauka nr. 3).
- Að veittur verði stuðningur og fræðsla til kennara beggja skólastiga til þess að undirbúa betur markvissa og upplýsandi samræðu við foreldra um mál og bernskulæsi. Alltaf sé tekið mið af virku tvítýngi þar sem foreldrar fá hvatningu og stuðning við að viðhalda og efla móðurmál um leið og barn nær auknum tókum á íslensku.





## Inngangur

**Með því að styrkja móðurmál tví- og fjöltyngdra barna og íslensku sem annað mál er stuðlað að jákvæðri sjálfsmynd og aukinni færni þeirra til að takast á við frekara nám.**

Fjölmenningarlegt samfélag er orðið að veruleika í Reykjavík og á landinu öllu. Fjöldi innflytjenda jókst verulega á árunum fyrir hrun og er nú svo komið að hlutfall grunnskólanemenda í borginni með annað móðurmál en íslensku er í kringum 10%. Hlutfall leikskólabarna sem eiga annað eða báða foreldra erlenda er tæp 19% eða 1325 börn. Þar af eru í kringum 1000 börn sem eiga báða foreldra með annað móðurmál en íslensku (Stefna og starfsáætlun SFS 2015). Heildarfjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku í grunnskólum Reykjavíkur er á reiki þar sem skráningu er ábótavant og því er ákveðin óvissa ríkjandi um fjöldann. Samkvæmt upplýsingum frá grunnskólunum sem aflað var vorið 2014 í tengslum við fyrirlögn málkönnunarprófsins **Milli mála** er fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku ca. 1800 talsins eða um 13%. Það felast mikil tækifæri í því fyrir Reykjavíkurborg að standa vel að menntun tví- og fjöltyngdra barna og gera þannig betur en víða hefur orðið raunin í öðrum löndum, en tíminn til þess er naumur. Helstu sérfræðingar í þessum málefnum þ.á m. Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum við Háskóla Íslands, telja að virkt tvítyngi sé mikilvæg undirstaða náms í íslensku og jafnframt góðs námsárangurs, jákvæðrar sjálfsmyndar og virkrar þátttöku í samfélaginu. Hins vegar getur úrræðaleysi í þessum efnum leitt af sér svokallað neikvætt tvítyngi þar sem nemandinn hefur við lok grunnskóla hvorki nægilegt vald á íslensku né móðurmálinu og má fullyrða að slíkt neikvætt tvítyngi útiloki barn frá frekari menntun auk þess sem það getur dregið verulega úr velgengni þess í samfélaginu. Fræðimaðurinn Jim Cummins sem hefur rannsakað og skrifað um tvítyngi í áratugi fullyrðir að skólar sem ekki styðja við móðurmál nemenda af erlendum uppruna með markvissum hætti og ætlast til þess að nemendur skilji móðurmál sitt eftir „við útidyrnar“ eigi sinn þátt í að nemendur sem hafa alla burði til þess að verða tvítyngdir og ná langt í námi, útskrifist að loknu skyldunámi eintyngdir, illa læsir og með slakan námsárangur. Starfshópur um móðurmál leggur því mikla áherslu á að í allri vinnu með mál og læsi tví- og fjöltyngdra barna í skóla- og frístundastarfi verði ávallt stefnt að virku tvítyngi.

## Starfshópur um móðurmálskennslu

Starfshópur um móðurmálskennslu barna með annað (eða fleiri) móðurmál en íslensku var skipaður skv. erindisbréfi og samþykktur á fundi skóla- og frístundaráðs þann 20.8.2014. Skipaðar í hópinn voru Sabine Leskopf, fulltrúi Samfylkingarinnar í SFR og jafnframt formaður hópsins, Jóna Björg Sætran, fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í SFR, Renata Emilsson Peskova frá Samtökunum Móðurmál, Fríða B. Jónsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar í leikskólum á fagskrifstofu SFS, Rósa Björg Þorsteinsdóttir, kennsluráðgjafi – fjölmenning í grunnskóla (SFS) sem jafnframt var starfsmaður hópsins og Steingerður Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hjá skóla- og frístundasviði.

### *Hlutverk og verkefni starfshópsins.*

Hlutverk og verkefni starfshópsins skv. erindisbréfi var að leggja fram áætlun um fjölbreytilega móðurmálskennslu og vinnu með fjölbreytt móðurmál í skóla og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við stefnu SFS um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf.

Starfshópnum voru falin eftirfarandi verkefni:

- Að móta áætlun um hvernig staðið verði að því að efla hlut móðurmálsins í námi og þroska barna og ungmenna af erlendum uppruna.
- Að leggja fram tillögur um það hvernig nýta má þekkingu starfsfólks á fjölbreyttum tungumálum og menningu í skóla- og frístundastarfi.
- Að kynna sér helstu áherslur í móðurmálskennslu og vinnu með fjölbreytt móðurmál í öðrum löndum.
- Að móta áætlun um áframhaldandi samstarf við grasrótasamtök á sviði móðurmálskennslu.
- Önnur þau verkefni sem starfshópurinn telur mikilvæg.

### *Vinna starfshópsins*

Starfshópurinn fundaði 15 sinnum á tímabilinu 3. október 2014 og til 1. apríl 2015. Hópurinn safnaði saman og skoðaði ýmsar skýrslur og fræðigreinar bæði íslenskar og erlendar sem fjölluðu um tvítyngi og mikilvægi móðurmáls í námi og þroska barna og ungmenna. Hópurinn kynnti sér Tungumálaverið í Laugalækjarskóla þar sem fram fer bæði staðbundin kennsla og fjarkennsla í erlendum tungumálum s.s. norsku, sænsku og pólsku fyrir nemendur í 7.-10. bekk. Einnig fundaði hópurinn með ýmsum aðilum sem sinna móðurmálskennslu, má þar nefna Jurgitu Motiejunaite sem sagði frá kennslu í Litháísku sem litháískir nemendur hafa tök á að stunda í fjarnámi. Einnig var rætt við tvær konur frá Ghana sem kenna tungumálin twi og ewe í gegnum skype. Hópurinn fundaði með samráðsteymum leik- og grunnskólastjóra og bað um tillögur þeirra hvernig þeir sæju fyrir sér að best væri að standa að móðurmálskennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna. Einnig boðaði hópurinn til sín ýmsa aðila sem sinna kennslu og ráðgjöf við fjölmennningarlegt skólastarf á vegum ríkisins, borgarinnar og sjálfboðaliðasa s.s. samtökunum Móðurmál. Í viðaukum skýrslunnar má finna samantekt úr fundargerðum, erindisbréf hópsins og önnur gögn sem hópurinn hefur unnið með.



## Skilgreiningar á hugtökum

### Móðurmál

Á Íslandi er ráðandi skilningur á hugtakinu móðurmál tengt upprunamerkingunni, þ.e. móðurmál er málið sem barn lærir við móðurkné. Skilgreiningar hugtaksins móðurmál eru margar, ýmist út frá tímaröð tungumála í lífi barnsins, félagslegum eða persónulegum skilningi, færni eða notkun. Einstaklingur getur haft fleiri móðurmál en eitt og jafnvel geta orðið skipti á móðurmáli á lífsgöngunni, ef notuð er skilgreining móðurmáls út frá færni og tíðni notkunar eða félagslegum og persónulegum skilningi (Skutnabb-Kangas, 1984 og 2014).

### Tvítýngi – fjöltyngi

Hugtökin tvítýngi og fjöltyngi lýsa því þegar einstaklingur býr yfir hæfni til að nota fleiri en eitt tungumál í daglegu lífi. Tungumálin lærir viðkomandi oftast af fjölskyldunni, í nærsamfélaginu og í skóla; á æskuárum eða seinna. Banks (2010) skilgreinir tvítýngi sem hugtak sem vísar í notkun tveggja tungumála á persónulegum eða félagslegum vettvangi og færni viðkomandi er svipuð í báðum tungumálum. Það er lífandi og flókið félagslegt og persónulegt ferli sem inniheldur félagslega, menningarlega, vitsmunalega og akademíska tungumálþætti. Eitt helsta einkenni tvítýngis er stöðugur breytileiki. Það er erfitt að mæla færni í tungumálunum því hún breytist sífellt með breyttum persónulegum og félagslegum kringumstæðum. Orðið fjöltyngi nær yfir skilgreiningu Banks (2010) og verður notað í þessari skýrslu í merkingunni færni í tveimur eða fleiri tungumálum.

### Virkt tvítýngi

Rannsóknir hafa sýnt fram á að virkt tvítýngi sé farsælast fyrir nám og líf barna. Það felur í sér málviðbót þar sem nýja málinu (hér íslensku) er bætt við móðurmálið en kemur ekki í stað þess. Sum börn alast upp við tví- eða fjöltyngi frá fæðingu og er þá hægt að tala um að þau séu tví- eða fjöltyngd. Þegar börn fæðast inn í annað móðurmál en íslensku og fyrstu kynni þeirra af íslensku sem öðru máli eru í leikskóla eða grunnskóla skiptir máli að stuðlað sé að virku tvítýngi á þann hátt að unnið sé áfram að þróun móðurmálsins um leið og börnin ná stigvaxandi tókum á íslensku sem öðru máli. Segja má að hæfni í íslensku sé meginforsenda þess að börn verði að virkum þátttakendum í samfélagi lýðræðis og jafnréttis og geti lagt stund á nám í íslenskum skólum. Móðurmálskunnátta barna spilar hinsvegar mjög stórt hlutverk í námi þeirra og þroska en þróun móðurmálsins samhliða aukinni færni í íslensku eykur möguleika barna á að ná árangri í námi og lífinu öllu.

### Samskipti þvert á tungumál (e. *translanguaging*)

Eitt af nýrri hugtökum í vinnu með fjölbreytt móðurmál barna er orðið *translanguaging* (þvert á tungumál – eða „farið á milli mála“). Aðferðin er menntunarfræðileg og á rætur að rekja til Írlands þar sem markvisst var unnið að því í skólakerfinu að virkja þekkingu nemenda í velsku til þess að auka möguleika þeirra á því að viðhalda móðurmálinu og stuðla að tvítýngi í enskumælandi skólum. Þannig var t.d. leitast við að virkja bæði eða öll tungumál nemenda markvisst í náminu með því að þeir ýmist lásu á einu tungumáli og skrifuðu eða tjáðu sig um það á hinu tungumálinu eða öfugt. Bæði eða öll tungumál nemenda eru þannig nýtt í náminu með það að markmiði að auka virka þátttöku allra og skilning á viðfangsefninu ekki síst í tengslum við læsi og lestrarkennslu og vitsmunalega virkni í námi. Með því að nýta aðferðir *translanguaging* getur eintýngdur kennari, sem eingöngu talar skólamálið (hér íslensku) tryggt samræður um merkingu, skilvirk samskipti og vitsmunalega starfsemi allra nemenda. Aðferðir af þessu tagi hafa í auknum mæli rutt sér til rúms í skólustarfi þar sem fjölbreytileiki móðurmála er orðinn það mikill að ekki er lengur hægt að koma því við að kenna hvert einasta móðurmál (García & Wei 2014).

### **Tvítýngdir kennarar í grunnskóla (farkennarar).**

Hlutverk tvítýngdra kennara(farkennara) í skólastarfi er tvennskonar:

1. Að vera kennarar í viðkomandi móðurmáli fyrir nemendur. Kennslan felur í sér tvo til fjóra tíma á viku í viðkomandi móðurmáli.
2. Að vera stuðningur við faggreinakennslu á móðurmáli fyrir þá nemendur sem ekki hafa náð nægilega góðum tókum á íslenskunni. T.d. getur pólskumælandi kennari hjálpað pólskum nemenda með hugtök sem tengjast námsefninu. Hann getur lagt inn efnið á pólsku fyrst þannig að nemandinn eigi auðveldar með að fylgjast með kennslustundinni og ná íslensku hugtökunum ef hann hefur fengið þau útskýrð á móðurmálinu áður. Algengt er að tvítýngdir kennarar vinni með umsjónar-eða faggreinakennurum inni í kennslustund
3. Tvítýngdir kennarar geta verið farkennarar t.d. kennt í tveimur til þremur skólum.

### **Tungumálaleiðbeinendur (brúarsmiðir) í grunnskóla og frístundamiðstöðvum**

Tungumálaleiðbeinandi (brúarsmiður) í grunnskóla myndi hafa sama hlutverk og tungumálaleiðbeinandi í leikskóla hefur í dag, en það er verkefni sem er í gangi í Reykjavíkurborg þar sem pólskumælandi starfsmaður starfar sem stuðningsaðili við leikskólana við það að brúa bilið á milli pólskumælandi barna og foreldra annarsvegar og íslenskumælandi barna og starfsfólks hinsvegar (sjá verklag í viðauka nr. 8). Slíkur aðili í grunnskólanum myndi vinna náði með kennurum og nemendum.

### **Stuðningur við þróun móðurmáls.**

Hér á landi hefur umræðan um það hvort að skólinn eigi að kenna fjölbreytt móðurmál aukist verulega. Í þeirri umræðu virðist oft sem tvö sjónarhorn séu ríkjandi. Annarsvegar það að skólinn eigi að einbeita sér að íslenskukennslunni en móðurmál barnanna eigi eingöngu að tala og læra utan veggja skólans. Aðrir telja mikilvægt að börn fái tækifæri til að læra móðurmál sitt í skólanum. Þeir síðarnefndu sjá þá oft fyrir sér móðurmálskennslu sem kennd er til viðbótar við það nám sem fer fram í skólanum og tengist kannski lítið eða ekkert markmiðum í námi barnanna almennt og enn síður íslenskunámi þeirra og læsi. Líkt og áður hefur komið fram leggur hópurinn áherslu á að stuðningur við þróun móðurmáls tvítýngdra barna í skóla- og frístundastarfi hafi það alltaf að markmiði að byggja undir virkt tvítýngi þannig að börn nái góðum tókum á íslensku sem öðru máli meðfram góðum félagslegum og námslegum árangri.

Misjafnt er hvernig staðið hefur verið að móðurmálskennslu og vinnu með móðurmál barna af erlendum uppruna í löndunum í kringum okkur. Á norðurlöndunum hefur móðurmálskennsla og vinna með móðurmál í skólastarfi gengið í gegnum margvíslega þróun allt frá því að öllum börnum er boðið upp á móðurmálskennslu yfir í það að móðurmálskennsla hefur verið lögð niður nánast með öllu líkt og í Danmörku. Í Svíþjóð er reglan yfirleitt sú að ef fimm nemendur eða fleiri með sama móðurmál eru í viðkomandi skóla þá geta foreldrar óskað eftir því að börnin fái móðurmálskennslu. Í Noregi og Svíþjóð eru dæmi um að tvítýngdir kennarar styðji við nám nemenda í skólastarfi fyrstu árin þeirra í nýju málumhverfi skólans til að auðvelda skólabyrjun eða starfi sem brúarsmiðir (n. tospröglige vejleder) líkt og pólskumælandi stuðningur í leikskólum Reykjavíkur. Í Finnlandi hefur verið gerð samræmd námskrá í kennslu móðurmála og fer kennslan fram í mörgum sveitarfélögum

með þeim hætti að nemendum er safnað saman í ákveðna skóla þar sem móðurmálskennslan fer fram.

Í Bandaríkjunum, Kanada og víðar eru þekkt dæmi um tvítyngiskennslu þar sem daglega er kennt er á tveimur tungumálum t.d. spænsku og ensku eða ensku og frönsku. Nýlegar áherslur fræðimanna sem byggja á rannsóknum um þróun máls- og læsis tvítyngdra barna miða allar að því að þekking, reynsla og styrkleikar allra barna verði metin að verðleikum og nýtt í námi þeirra. Nemendur geta þannig nýtt móðurmál sitt í námi sem vitsmunalegt verkfæri (e. academic tool) þar sem markmiðið er uppbygging nýrrar þekkingar.

Rétt er að benda á að áherslur evrópusambandsins, Unesco og tungumálamiðstöðvarinnar í Graz (European Centre for Modern Languages) miða allar að sama markmiði. Stuðningur við móðurmál barna af erlendum uppruna ætti þannig ekki að vera val einstakra skóla eða kennara heldur aðkallandi málefni sem fræðsluyfirvöldum í borginni sem og í öðrum sveitarfélögum á Íslandi ber skylda til að sinna eins og færð eru rök fyrir hér á eftir í stuttri samantekt af því helsta úr innlendum og erlendum gögnum:

- **Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna** var lögfestur á Íslandi 2013. Þar er tekið fram að börn í minnihlutahópum eigi rétt á því að læra um og njóta menningar foreldra sinna og læra móðurmál þeirra (29. grein). Umboðsmaður barna telur að ríkinu sé skylt að leitast við að tryggja móðurmálskennslu fyrir öll börn
- Í **tilmælum frá ECRI**, Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi er mælt með því að „íslensk stjórnvöld bjóði nemendum, sem eru með annað móðurmál en íslensku, upp á aukin tækifæri til að læra íslensku sem annað tungumál á öllum skólastigum, ásamt því sem stjórnvöld eru hvött til að bjóða nemendum með annað móðurmál en íslensku „upp á aukna kennslu í sínu eigin tungumáli“.
- Í **aðalnámskrá grunnskóla** segir: „Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd nemenda með annað móðurmál en íslensku að tekið sé tillit til þekkingar þeirra og færni í eigin móðurmáli og nauðsynlegt að þeir viðhaldi því. Það er ávinningur fyrir hvern mann að hafa vald á fleiri en einu tungumáli og dýrmætt fyrir þjóðfélagið. Sterkt móðurmál styrkir fjölskyldubönd og tengsl við menningarlega arfleifð. Því er afar mikilvægt að foreldrum sé gerð grein fyrir mikilvægi móðurmálsins fyrir nemandann og þeir hvattir og studdir til að sinna máluppeldi á heimilinu sem felst í að rækta móðurmál hans. Sjálfsagt er að skóli og foreldrar leiti stuðnings hjá þeim sem geta veitt aðstoð, svo sem hjá stofnunum og einstaklingum sem hafa þekkingu á máltöku annars máls og fjölmenningu. Starf af þessu tagi kemur einnig námi í íslensku til góða og stuðlar að virku tvítyngi.
- Í **lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 16. grein** segir: „Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.“



- Í **skýrslu Unesco Global monitoring Report** (2008) er undirstrikað mikilvægi þess að gefa báðum móðurmálum vægi: „Existing research suggests that mother tongue-based bilingual education programmes benefits children’s language skills and overall academic achievement, along with their self confidence and cultural pride.”
- Í **drögum að framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda** sem lögð var fram af Velferðaráðuneyti í desember 2014 eru sett þau markmið að 75% nemenda með íslensku sem annað móðurmál fái staðbundna kennslu- eða fjarkennslu í eigin móðurmáli árið 2018.
- Í **ályktun íslenskrar málnefndar frá 2013** er sjónum beint að íslensku sem öðru máli og börnum af erlendum uppruna og skólastarfi. Þar er lögð áhersla á að styðja þurfi við móðurmál barna og íslensku sem annað mál með það að markmiði að nemendur geti tileinkað sér námsefni skólanna. Bent er á að Ísland hafi tækifæri til að nýta sér reynslu annarra þjóða og niðurstöður rannsókna í móttöku og menntun barna með annað móðurmál en íslensku og auka þannig tækifæri allra nemenda til náms.
- Í **tillögum hvítbókarhóps** um árangur í læsi er lögð áhersla á að stuðlað sé að virku tvítýngi, vægi móðurmálskennslu verði aukið og að komið verði á markvissu samstarfi við foreldra um þróun máls og læsis tví- og fjöltyngdra barna.
- Í **stefnu SFS um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf Heimurinn er hér** er fjallað um virkt tvítýngi. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að kenna íslensku sem annað mál alla skólagönguna um leið og leitað er leiða til að styðja við, kenna og vinna með móðurmál barna í námi þeirra með markvissum hætti og samstarfi við foreldra. Í stefnunni er bent á fjölbreyttar leiðir til að vinna með móðurmál og íslensku sem annað mál. (sjá nánar viðauka 5).
- Í **læsisstefnu leikskóla Lesið í leik** er kveðið á um að í leikskólum borgarinnar sé markvisst unnið að því að kenna íslensku sem annað mál í leik og með virkri þátttöku tvítýngdra barna í leikskólastarfinu, um leið og leitað er leiða til að styðja við og efla móðurmál þeirra í samstarfi við foreldra (sjá nánar viðauka 6).
- Í **lestrarstefnu Grunnskóla Reykjavíkurborgar** segir að leitast skuli við að brúa bilið milli málþroska í móðurmáli og íslensku og að tvítýngdir nemendur geti viðhaldið móðurmálinu eins og við verður komið. Formlegt nám í móðurmáli sé metið sem hluti af grunnskólanáminu. Leggja skal áherslu á að skólinn afli sér upplýsinga um námsstöðu nemenda sem eru að koma til landsins og nýti sér þær við gerð einstaklingsáætlana. Gera skal einstaklingsáætlun í lestri og ritun fyrir þá nemendur sem það á við en leitast við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgi jafnöldrum sínum í öllum námsgreinum eins og kostur er en fái námsefni við hæfi miðað við aldur og þroska. Reynt sé að aðlaga námsefni og kennsluaðferðir til að efla orðaforða, málskilning og lesskilning og auka þátttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í námi með heimahópum.
- **Málkönnunarprófið Milli mála** var samið af dr. Elínu Þöll Þórðardóttur dósent við McGill-háskólann í Montreal í Kanada. Prófið sem Elín Þöll vann í samstarfi við skóla-og



frístundasvið Reykjavíkurborgar var lagt fyrir rúmlega 1400 grunnskólanemendur með íslensku sem annað mál veturinn 2014-2015. Tilgangur prófsins er að meta hvort börn sem hafa annað móðurmál en íslensku hafi nægilega góð tök á íslensku til þess að fylgjast með skólastarfi í þeim bekk sem þau eru í. Með málkönnunarprófinu er unnt að leggja nákvæmara mat á íslenskukunnáttu grunnskólanemenda sem eru að læra íslensku sem annað tungumál. Hér er um að ræða fyrsta málkönnunarprófið sem sérstaklega er þróað til að meta færni í íslensku sem öðru tungumáli. Prófið er frumsamið á íslensku og er ekki þýtt eða staðfært úr öðru tungumáli. Efni prófsins er að miklu leyti byggt á orðaforða, setningagerð og málfari sem notað er í kennslubókum í íslenskum skólum. Niðurstaða prófsins bendir til að þörf sé á verulegum stuðningi í kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku til að þeir eigi möguleika á að fylgja jafnöldrum sínum í námi. Í niðurstöðum rannsóknar Milli mála frá 2011-2012 var rætt um að tækifærin til að vinna með mál og læsi liggja m.a. í að tryggja það að öll börn með annað móðurmál en íslensku geti sótt frístundaheimili.

- Í tillögum fagráðs um læsi hjá SFS er lögð áhersla á markvissa vinnu með mál og læsi tví- og fjöltyngdra barna í skóla- og frístundastarfi. Starfshópur um móðurmál fagnar þeim og dregur fram þær helstu í tillögum sínum hér í næsta kafla.



## Heimildaskrá

Ari Klængur Jónsson (2013). *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi*. Ísafjörður: Fjölmenningarsetur. Sótt af: <http://www.mcc.is/media/frettir/Tolfraediskyrsla-2013.pdf>

Ball, Jessica (2011). *Enhancing learning of children from diverse language background*. UNESCO. Sótt af: <http://unesdoc.unesco.org/images/0021/002122/212270e.pdf>.

Banks, J.A. (2010). *Multicultural Education: Characteristics and Goals*. J.A. Banks og C.A.M. Banks (Editors), *Multicultural Education. Issues and Perspectives* (7. Edt.) New York: John Wiley & Sons.

Cummins, J. (2004). *Language, Power and Pedagogy. Bilingual Children in the Crossfire*. Clevedon: Multilingual Matters.

European Commission (2009). *Integrating immigrant children into schools in Europe*. Brussels: Education, Audiovisual and Culture Executive Agency. Sótt af: [http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic\\_reports/101EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic_reports/101EN.pdf)

European Commission/EACEA/Eurydice/Eurostat (2014). *Key Data on Early Childhood Education and Care in Europe*. 2014 Edition. Eurydice and Eurostat Report. Luxembourg: Publications Office of the European Union.

García, O., & Wei, L. (2014). *Translanguaging*. Basingstoke: Palgrave MacMillan.

Hulda Karen Daniélsdóttir (2008). *Nemendur sem eru innflytjendur og með sérkennsluþarfir: Menningarlegur margbreytileiki og sérkennsla*. Reykjavík: Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Sótt af: [http://www.mcc.is/media/frettir/skyrsla\\_innflytjendur\\_sertharfir.pdf](http://www.mcc.is/media/frettir/skyrsla_innflytjendur_sertharfir.pdf)

Íslensk málnefnd (2013). *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2013*. Sótt af: <http://islenskan.is/images/alyktun-IM-2013.pdf>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti 2011, greinasvið 2013*. Reykjavík : Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Mennta- og menningarráðuneyti. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt af: [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf)

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (2014). *Heimurinn er hér. Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf*. Sótt af: [http://reykjavik.is/sites/default/files/fjолmenningarstefna\\_uppsett\\_1.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/fjолmenningarstefna_uppsett_1.pdf)

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (2012). *Lestrarstefna grunnskóla*. Sótt af: [http://eldri.reykjavik.is/portaldata/1/Resources/skola\\_og\\_fristundasvid/skjol/Lestrarstefna.pdf](http://eldri.reykjavik.is/portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skjol/Lestrarstefna.pdf)

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (2015). *Starfskrá frístundamiðstöðva*. Sótt af: [http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulysingar/starfskra\\_fristundamidst\\_2015\\_lores.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/starfskra_fristundamidst_2015_lores.pdf)

Skutnabb-Kangas, Tove (1984). Sótt af: <http://www.tove-skutnabb-kangas.org/en/index-en.html>

Utdannings- og forskningsdepartementet (2003). *Equal education in practice. Strategy for better learning and greater participation by language minorities in day-care centres, schools and education*,

2004–2009. Noregur. Sótt af:

<https://www.regjeringen.no/globalassets/upload/ud/vedlegg/laerestrategie.pdf>

Velferðarráðuneytið (2014). *Drög að þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2015–2019*. Sótt af: [http://www.velferdarraduneyti.is/media/frettatengt-2014/Framkvaemdaaetlun-innfl\\_drog.til.umsagnar.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/frettatengt-2014/Framkvaemdaaetlun-innfl_drog.til.umsagnar.pdf)

Vinnuvefur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. *Námskrágerð*. Sótt af:

<http://vinnuvefur.namskra.is/grunnskolar/nemendur-me%C3%B0-anna%C3%B0-mo%C3%B0urmal-en-islensku/>

## Viðauki 1: Erindisbréf fyrir starfshópinn

<b>Heiti starfshóps:</b> Starfshópur um móðurmálskennslu barna með annað (eða fleiri) móðurmál en íslensku.
<b>Ábyrgðarmaður:</b> Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
<b>Markmið:</b> Starfshópurinn leggi fram áætlun um fjölbreytilega móðurmálskennslu og vinnu með fjölbreytt móðurmál í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við stefnu SFS um fjölmenningslegt skóla- og frístundastarf.
<b>Helstu verkefni:</b> <ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> Að móta áætlun um hvernig staðið verði að því að efla hlut móðurmálsins í námi og þroska barna og ungmenna af erlendum uppruna.</li><li><input type="checkbox"/> Að leggja fram tillögur um það hvernig nýta má þekkingu starfsfólks á fjölbreyttum tungumálum og menningu í skóla- og frístundastarfi.</li><li><input type="checkbox"/> Að kynna sér helstu áherslur í móðurmálskennslu og vinnu með fjölbreytt móðurmál í öðrum löndum</li><li><input type="checkbox"/> Að móta áætlun um áframhaldandi samstarf við grasrótasamtök á sviði móðurmálskennslu.</li><li><input type="checkbox"/> Önnur þau verkefni sem starfshópurinn telur mikilvæg.</li></ul>
<b>Fulltrúar í starfshópi:</b> Sabine Leskopf (Samfylking), Jóna Björg Sætran (Framsókn og flugvallarvinir), Rósa Björg Þorsteinsdóttir SFS (grunnskólar), Fríða Bjarney Jónsdóttir SFS (leikskólar), Steingerður Kristjánsdóttir SFS (frístund), Renata Emilsson Peskova (Móðurmálssamtök)
<b>Formaður starfshóps:</b> Sabine Leskopf
<b>Starfsmaður:</b> Rósa Björg Þorsteinsdóttir
<b>Ráðgjöf / samstarf:</b> Starfshópurinn skal hafa samráð eftir þörfum við fagaðila.
<b>Starfstímabil:</b> 1.10.2014-1.3.2015
<b>Áfangar/Stöðumat:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Já / <input type="checkbox"/> Nei <b>Ef já, hvenær og með hvaða hætti?</b>
<b>Lokaskil:</b> Á hvaða formi skal skila niðurstöðum og til hverra? Niðurstöðum verður skilað í skýrslu til skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar ásamt tillögum að innleiðingu.

## Viðauki 2: Samantekt um vinnu starfshópsins

Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn 3. október 2014. Hópurinn ræddi um að mikilvægt væri að gera sér grein fyrir hvaða skilning þetta mál hefði í samfélaginu. Rætt var um hvernig best væri að standa að þeirri vinnu sem hópnum væri falið. Nauðsynlegt væri að skilgreina hugtakið „móðurmál“, rætt var um „brúarhugsun“ og erlenda starfsmenn á starfsstöðvum SFS. Einnig kom fram mikilvægi þess að bera okkur saman við önnur lönd sem vinna með móðurmál og í því sambandi að skoða samanburðarskýrslur frá Norðurlöndunum. Leggja þurfi fram tillögu á viðurkenningu á móðurmálsnámi og forsendum þess og að tengja alla þessa vinnu við aðgerðaráætlun.

Á öðrum fundi hópsins var erindisbréfið samþykkt, ákveðið að stofna facebooksíðu fyrir móðurmálsteymið. Ákveðið var einnig að skoða evrópsku tungumálamöppuna og ECML prógrammið. Rætt var um niðurstöður Milli mála prófsins. Niðurstöður gefa til kynna að 56,7% nemenda eru á rauðu, 16,4% á gulu og 26,8% á grænu. Fram kom að helmingur barnanna sem prófið var lagt fyrir (rúmlega 1400 börn) eru fædd á Íslandi. Nokkur umræða var um óréttlátar úthlutunarreglur til íslenskukennslu (íslenska sem annað mál) sem þyrfti að breyta. Skilyrða þyrfti að öll börn sem eru á rauðu úr Milli mála prófinu þurfi íslenskukennslu. Ekki nægilegur stuðningur frá foreldrum í móðurmáli né íslensku þarft að vinna meira með það. Rætt var um aðkomu heimila að móðurmálskennslu og tvöfalt vinnuálag á foreldra og börn ef kenna á tvö tungumál, skortur á tíma, krafti og getu. Hafa þurfi í hug áhrif félagslegs þáttar á menntun þ.e. félagsauður, menningarauður. Ákveðið var að gera vinnuáætlun fyrir fundi hópsins.

Á þriðja fundi hópsins var byrjað að setja niður tillögur starfshópsins.

Á fjórða fundi hópsins var farið yfir hvaða aðila hópurinn vildi hitta. Ákveði var að setja allt efni inn á Dropbox sem gagnast getur hópnum.

Gestir komu á fimmta fund hópsins, það voru þær:

Marina de Quintanilha e Mendoca og Maria Sastre frá samtökunum Móðurmál, Hulda Karen Daníelsdóttir kennsluráðgjafi í fjölmenningu hjá SÍS og Kristín Vilhjálmisdóttir starfsmaður á Borgarbókasafni Starfshópur um móðurmálskennslu komu og sögðu stuttlega frá starfi sínu fyrir Móðurmálssamtökin. Fram kom að Menntamálaráðuneytið hafi enn ekki svarað bréfinum frá Móðurmálssamtökunum og frá SFS eða SÍS varðandi fyrirspurn um móðurmálskennslu. Fram kom í máli þeirra að það væri nauðsynlegt að tengja móðurmálskennslu skólunum, það væru skýr skilaboð til foreldra. Samt væri nauðsynlegt að halda í Móðurmálssamtökin þau mættu ekki hverfa. Rætt var um nauðsyn þess að hjálpa unglíngum af erlendum uppruna sem lenda í erfiðleikum, þau hafa t.d. ekki orðaforða heima til að segja frá eineltinu sem þau lenda í í skólanum. Fram kom á fundinum að Reykjavíkurborg tryggir kennsluhúsnæði fyrir móðurmálssamtökin en um er að ræða þriggja ára gagnvirkann samning þar sem móðurmálssamtökin bjóða skólum og starfsstöðum fræðslu og samtal um móðurmál. Ríkið þarf að koma til móts við þetta með því að borga framkvæmdarstjórástöðu. Rætt var um Mentor verkefni, t.d. að nýjar fjölskyldur fengju mentora frá sama landi sem byggja kannski í sama hverfi. Rætt var um Mentor verkefnið „Vinafjölskyldur“ sem hefur verið í gangi í Vesturbæjarskóla. Hulda Karen Daníelsdóttir kom á fundinn og sagði stuttlega frá verkefninu Velkomin sem hún og Þorbjörg Þorsteinsdóttir hjá SFS hafa sett á laggirnar <http://tungumalatorg.is/velkomin/>. Fram kom í máli Huldu að mikilvægt væri að lengja viðveru barna í skólum út af íslenskunni. Nauðsynlegt væri að styðja við íslenskuna á móðurmáli nemenda. Hulda sagði frá námskiði ÍSBRÚAR um virkt tvítyngi næsta sumar. Spurning að stofna móðurmálshópa - t.d. að byrja á mentor verkefni í hópnum með samlöndum. Farandkennarverkefnið hefur verið í gangi í ýmsum sveitafélögum og reynst vel. Farandkennarinn fer í bekk, það hefur áhrif á börnin, vinnur gegn fordómum. Farandkennarinn gengur í öll mál, túlkar, talar við börnin og gerir það sem skólinn óskar eftir. Hún fundar með fulltrúum foreldra, ræðir um mikilvægi móðurmálsins, stuðning við heimanám, stýring hugmyndavinnu. Tveir fulltrúar skólans og tveir fulltrúar foreldra eru kosnir síðan eru valdar þrjár framkvæmanlegar hugmyndir sem þau fylgja eftir t.d. fræðsla um íslenska menningu, elda saman,

fá menningarmót. Skýrsla um farandkennaraverkefnið verður fljótlega. Hulda segir að það þurfi að þjálfa fleiri svona farandkennara. Einnig kom Kristín Vilhjálmisdóttir frá Borgarbókasafni á fundinn. Borgarbókasafnið vinnur með öllum sem vinna með tungumál. Kristín hefur verið frumkvöðull með menningarmótsverkefni og Café Lingua bæði verkefni eru fjölmennningarleg og eiga að ná til allra. Kristín hefur unnið kennsluleiðbeiningar fyrir verkefnið Menningarmót fyrir SFS sjá <http://tungumalatorg.is/menningarmot/> Kristín ræddi um að gott væri að færa Café Lingua yfir í leikskóla eða á foreldrahópa, það gefur möguleika á meiri samskiptum. Þetta getur eftt þátttöku foreldra í skólum. Fram kom í máli Steingerðar Kristjánsdóttur verkefnisstjóra hjá SFS að í frístundinni væri fjölmennningarlegur starfsmannahópur sem þyrfti að nýta betur. Leggja þyrfti áherslu á að viðkomandi einstaklingar hjálpuðu meira til við þýðingar, túlkun og móttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna. Nauðsynlegt væri að fá fræðslu frá Móðurmálssamtökunum í frístundina. Vannýttur mannauður sé í grunnskólunum hjá erlendum starfsmönnum skólanna. Jóna Björg Sætran ræddi um fræðslupakka frá Mannréttindaráði og að fá menningarmótin inn í frístundina. Fríða sagði frá pólskumælandi stuðningi í leikskólum sem gæti verið fyrirmynd fyrir stuðning í grunnskólum.

Á sjötta fundi hópsins var rætt nánar um verkaskiptingu, hver aðili tekur að sér ákv. hluta. Rætt var um aðgerðir sem hægt væri að gera í tengslum við frístundina. Greina þarf á milli stuðnings, kennslu, tungumálbrúarsmiða/intercultural competence, verkefna og sýnileika/viðhorf. Flokka þurfi hugmyndir sem komu frá Fríðu og úr vinnu í kringum Heimurinn er hér. Ákveðið var að Sabine myndi senda bréf til Intercultural Cities með fyrirspurn um næstu skref. Renata sagði frá fundi með Sigurjóni Kærnested frá innflytjendaráði, fulltrúa frá SÍS, Pólska skólanum og samtökunum Móðurmál. Fram kom á þeim fundi að fyrir liggur lagafrumvarp til Alþingis um innflytjendamál (framkvæmdaráætlun hins opinbera í málefnum innflytjenda næstu fjögur árin.) Ákveðið var að starfshópurinn skrifi tillögu þegar opnað verður formlega fyrir athugasemdir og var í kjölfar umsögn sent frá hópnum. Fríða sagði frá fundi sem hún var boðuð á ásamtá Huldu Karen Daniélsdóttur til að ræða málefni barna sem læra íslensku sem annað mál. Fundurinn var haldinn með hluta af starfshópi sem skipaður var um þjóðaráttak í læsi barna af mennta- og menningarmálaráðuneytinu í kjölfar útgáfu Hvítbókarinnar. Á fundinum tóku verkefnastjórnirinn Guðfinna Bjarnadóttir ásamt Önnu Lind Pétursdóttur frá HÍ og Guðna Olgeirssyni frá MMR þátt í samræðum um hugmyndir Huldu og Fríðu vegna máls og læsis tvítyngdra barna en í vinnu starfshópsins hafði sú umræða ekki áður verið tekin upp. Ákveðið var að fá fund með Tungumálaverinu í Laugarlækjarskóla til að fá betri upplýsingar um nettengda kennslu og fjarkennslu. Einnig var ákveðið að bjóða Jurgitu Motiejunaite frá Litháíska skólanum „Þrír litir“ á fund okkar til að fá upplýsingar um nettengda kennslu í litháísku. Athuga þurfi möguleika á að kostnaðargreina einn tungumálapakka í Tungumálaveri. Íhuga mætti einnig samnýtingu fjarkennslu með öðrum Norðurlöndum og koma á fundi með skólastjórnendum í leik-og grunnskóla.

Sjöundi fundur starfshópsins var haldinn í Laugalækjarskóla með skólastjóra Laugalækjarskóla og Brynhildi forstöðumanni Tungumálaversins. Brynhildur kynnti tungumálaverið. Kennd er norska, sænska og pólska. Í norðurlandtungumálunum er námskrá og er kennsla norrænna tungumála lögbundin. Staðnám (3-4 kennslustaðir) er á mismunandi stöðum í borginni fyrir 7. og 8. bekk en fjarnám fyrir 9. og 10. bekk. Börnum fer fjölgandi. Nemendur sem velja norsku eða sænsku í stað dönsku verða að hafa haft einhver tengsl við þessi lönd. Tungumálaverið var sett á laggirnar 2001 samkvæmt ákvörðun Fræðsluráðs og greiðir jöfnunarsjóður hluta af kostnaði. Þegar innflytjendum fjölgaði var ákveðið að bæta við pólskunn í Reykjavík. Leggja þarf þungan á foreldra, veita þeim stuðning, foreldrafræðslu, foreldraefni og allskonar efni fyrir foreldra því að það eru þeir sem bera fyrst og fremst ábyrgðina. Þeir verða að vinna vel með móðurmálið heima. Brynhildur ræddi um að stuðla þyrfti að því að kennarar komist á námskeið á vegum Erasmus sem veiti þeim kennararéttindi, nauðsynlegt sé að byggja upp góðan kennarakúltur í þessu námi. Ræða þurfi við ráðuneytið um námskrágerð. Námskráin í dag er 3ja þrepa nemendur í Tungumálaveri byrja í 2. þrepi. Fram kom að gagnslaust væri að kenna móðurmál 2 tíma á viku ef nemendur fá ekki stuðning heima hjá sér. Einnig er gagnslaust að útbúa námskrá sem kennarar skilja ekki. Tungumálaverið



kennir pólsku á Ísland í íslensku skólakerfi, kostnaður við það liggur í launum og verkefnastjórnun. Pólska ræðismannsskrifstofan styður við Tungumálaverið. Pólland er eina landið í Evrópu sem hefur búið til námskrá fyrir lönd utan heimalandsins. Sett var spurningamerki við það hvort aðstaðan í Tungumálaveri dugi ef fjölga á tungumálum en aðrir skólar eins og Háteigsskóli gætu hentað undir slíka aukakennslu. Ef tungumálum fjölgar þarf hugsanlega skrifstofu o.s. frv. Öll kennsla í tungumálunum er einstaklingsmiðuð, vinnan með fjarnámsefni er hluti af kennarastarfinu. Fram kom að reynsla með farkennara reyndist ekki vel, kennslaí tagalog gekk erfiðlega vegna þess að foreldrahópur er lokaður og þjónustan var ekki notuð en bent var á að innflytjendasamfélög séu mjög viðkvæm og kennari þurfi að hafa traust samfélagsins. Ef bæta á tungumálum í Tungumálaverið þá helst einu tungumáli í einu. Kennari þarf að læra á norræna menntakerfið til að ná árangri í kennslunni, s.s. að huga að sjálfsmati, sjálfsábyrgð, lýðræði, vali, upplýsingagjöf og samstarfi við foreldra. Fram kom í máli Brynhildar að sveitafélög á Norðurlöndum ráða ekki ein við að sinna móðurmálskennslunni í skólunum, það sé bæði of dýrt og umfangsmikið.

Á áttunda fundinum fóru þær Rósa og Sabine á samráðsfund skólastjórnenda grunnskólanna. Ákveðið var að samráðshópur skólastjóra myndi koma skilaboðum út í sin hverfi um að skólastjórnendur svörðu bréfinu og kæmu með tillögur um hvernig þeir vildu sjá að staðið yrði að móðurmálskennslunni (Sjá viðauka 12).

Níundi fundur starfshópsins var haldinn í byrjun janúar 2015. Ákveðið var að Fríða og Sabine myndu fara á fund samráðshóps leikskólastjóra og fá upplýsingar frá leikskólunum, t.d. um samskipti við foreldra. Fram kom að víða vantar menntað starfsfólk í leikskóla, mikil mannaskipti þar veldur því að þekkingin helst illa inni.

Holt, Ösp og Miðborg eru með hæðsta hlutfall innflytjenda. Fram kom í máli Steingerðar Kristjánsdóttur að börn sem hafa búið skemur en tvö ár á Íslandi fá þrjár vikur frítt í frístundastarfi á sumrin. Áhugi er á að viðhalda þessu og að bjóða þessum börnum í 1.-4. bekk frítt í 3 mánuði á frístundaheimili. Verið er að hefja innritun í gegnum rafræna Reykjavík í Frístundaheimilin og er það hugsað sem liður í að styðja við virkt tvítýngi en tengja þyrfti betur unglíngana félagslega við jafnaldra sína. Fram kom að mikilvægt væri að halda í það sem reynst hefur vel, rætt um að ítreka að tungumálatorgið verði virkt. Einnig þarf að tryggja að Menntun núna sem mun taka enda í ágúst fari víða. Rætt var um að skoða hvað Norðurlöndin eru að gera í tengslum við móðurmálskennslu.

Á tíunda fund hópsins komu góðir gestir. Það voru þær Jurgita Motiejunaite frá Litháen sem haldið hefur utan um fjarkennslu í litháísku hérlendis. Einnig komu þær Patience Karlsson og Abena Darko frá Gana. Jurgita sagði frá því að Menntamálaráðuneytið í Vilniusi byði upp á fjarkennslu fyrir litháíska nemendur sem búa erlendis. Boðir er upp á tungumálanám og annað hefðbundið nám. Námið er á netinu og hægt er að hitta kennarana á skype.

Þetta nám er frítt fyrir börn frá Litháen. Þarna er boðið upp á hefðbundið skólanám eins og það er í Litháen. Hægt er að velja um þrjú erfiðleikastig í móðurmálinu sem fer eftir þeim tíma sem þú hefur til að stunda námið. Námið byrjar 1. september og stendur yfir í tvær annir. Próf úr náminu er viðurkennt í skólum í Litháen. Netnámið er skipulagt af ráðuneytinu og stutt af Evrópusambandinu. Til að fá stuðning frá Evrópusambandinu þarf námið að verastýðandi fyrir börn sem búa tímabundið erlendis en það er viðkomandi land sem sækir um tungumálastyrkinn. Sömu kröfur eru gerðar en fyrir börn í Litháen og mikil áhersla er lögð á einstaklingsmiðuð fyrir tvítýngd börn. Ef barn t.d. ræður ekki við erfiðleikastigið þá getur það farið stigi lægra. Foreldrapátttaka fer þó eftir því hversu sjálfbjarga og sjálfstætt barnið er en foreldrar fá nákvæmar upplýsingar um hvernig námið er byggt upp og hvernig allt virkar, s.s. stuðningur starfsfólks en bekkjarkennarar eru ábyrgir fyrir bekkjum og nemendur taka próf. Að minnsta kosti 10 börn eru í þessu námi núna. Námið byggir á námskrá frá Litháen, ekki er þörf á neinum bókum en allt er á netinu. Í Dublin er meira að segja litháískur framhaldsskóli. Þetta nám byggir á virkri þátttöku og skuldbindingu foreldra. Patience og Abena frá Ghana kenna tungumálin twi og ewe og styðjast þær við fleiri aðferðir.

Patience notar skype frá Gana en þær reyna að finna „afa og ömmur“ sem tala við börnin. Tæknileg vandamál fylgja þessu þar sem nettenging virkar oft ekki nógu vel í Gana. Nemendur eru 9 talsins og

koma þau reglulega í kennslu.

Sagt var frá því að samtökin Móðurmál reyna að styðja bæði litla og stóra hópa við að kenna móðurmál. Fram kom að Móðurmálssamtökin ætla að reyna að afla upplýsinga um tungumálanám á netinu.

Á ellefta fundi hópsins var umræða um niðurstöður Milli mála prófsins og rætt um brotthvarf nemenda af erlendum uppruna úr framhaldsskóla. Rætt var um skýrslu starfshópsins, hvernig verkskiptingu yrði háttað, tengja við lagaramman, Hvítbókina, aðgerðaráætluninina í málefnum innflytjenda, etc.

Rætt var einnig um að nota hugmyndir úr fjölmenningarstefnunni í tillögur okkar. Einnig var nefnt að tengja mætti í þessu samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla eins og hefur verið gert, t.d. Fellaskóli-Breiðholtsskóli og Austurbæjarskóli og FÁ. Rætt var ennfremur um tillögur um að nota starfsfólk af erlendum uppruna t.d. í aðstoð við heimanám og annan stuðning. Rætt var svo um hver hýsir verkefni, t.d. brúarsmiðar á leik- og grunnskólastigi.

Gera þurfi verkefnislýsingu brúarsmiða og verkefnastjórar í hverfisskólum. Brýnast er talið að þjónust a þau börn sem eru nýkomin inn með áherslu á foreldrasamstarf, ráðgjöf við skólana og samráð við kennara og fagstjóra. Verkefnin þurfa að vera undir verkefnisstjórn þar sem þekking er til staðar varð andi faglega vinnu tvítýngdra kennara í grunnskólunum. Verkefnislýsing pólskumælandi stuðnings í grunnskólum á landsvísu var lögð fram þar sem starsmaðurinn veitir einnig ráðgjöf til foreldra og kennara (Hulda Karen Daníelsdóttir).

Á tólfta fundi hópsins var rætt um uppsetningu skýrslunnar og fjármögnun sem vantar í fjölmenningu na fyrir utan skylduverkefnin. Fram kom einnig mikilvægi samstarfsins milli SSR, SSH og MMR til að tryggja áframhaldandi starf um móðurmálskennslu, e.t.v. í samstarfi við starfshóp sem á að verða starfandi skv. Drög um aðgerðaáætluninni í innflytjendamállum. Rætt var meira um niðurstöður Milli mála prófsins sem og niðurstöður fagráðs um læsi. Sabine greindi frá svari frá Intercultural cities, dæmi fyrir verkefni þar henta kannski ekki íslenskum aðstæðum en bent var á skýrslu með samantekt af móðurmálskennslu í Evrópu. Rætt var einnig um tillögu að styrkja grasrótarsamtök og lögð áherslu að styðja við stöðu framkvæmdastjórans þar til að búa til einhvers konar upplýsinga-og fræðslumiðstöð.

Á þrettánda fundi hópsins var skipulagið rætt og hvaða tillögur settar yrðu fram í skýrslunni. Umræðan fór einnig fram um mikilvægi samvinnu ríkisins, sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Rætt var einnig um fylgiskjöl skýrslunnar og verkefnum skipt niður á hópinn.

Síðustu tveir fundur fóru í vinnu við skýrslugerð.

### Viðauki 3: Börn með annað móðurmál en íslensku - greiningar og stuðningur

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að sá munur sem mælist á málþroska barna í kringum fjögurra ára aldurinn heldur áfram að aukast ef ekki er gripið inn í með viðeigandi aðgerðum strax í leikskóla. Þetta á líklega hvergi betur við en í tilfalli þeirra barna sem koma í leikskólann með slaka forgjöf í málþroska hvort sem það er vegna félagslegrar stöðu, þroska eða uppruna móðurmáls.

Til að mynda hefur verið skoðað sérstaklega hlutfall barna af erlendum uppruna sem greind eru með málþroskafrávik á leikskólaaldri. Þær niðurstöður leiða í ljós að á meðan hlutfall þeirra barna er í kringum 18% af heildarfjölda barna í leikskólum borgarinnar eru börn í þeim hópi sem greind eru með málþroskafrávik allt upp í 51% eins og taflan hér fyrir neðan sýnir.

Fjöldi barna af erlendum uppruna og tegund fötlunar

	2013 Fjöldi BEU	Heildar úthl.	Hlutfall af heild	2012 Fjöldi BEU	Heildar úthl.	Hlutfall af heild	2011 Fjöldi BEU	Heildar úthl.	Hlutfall af heild
Grunur um einhverfu	13	30	43%	9	54	17%	16	82	20%
Einhverfa	37	105	35%	31	107	29%	27	96	28%
Málþroskaröskun	88	172	51%	56	123	46%	68	166	41%
Heyrnarskerðing	5	10	50%	5	11	45%	3	14	21%
Sjónskerðing	0	4	0%	0	4	0%	2	11	18%
Almenn þroskaröskun	19	59	32%	17	61	28%	39	132	30%
Frávik í hreyfiþroska	7	28	25%	6	23	26%	12	53	23%
Félagsaðstæður	4	10	40%	2	5	40%	12	37	32%
Hegðunarröskun, ADHD	17	69	25%	16	69	23%	24	127	19%
Veikindi og annað	8	28	29%	6	36	17%	7	45	15%
Bráðger	0	0	0%	0	1	0%	0	0	0%

Þá sýna niðurstöður málkönnunarprófsins „Milli mála“ fyrir grunnskólanemendur að stór hluti barna með annað móðurmál en íslensku nær ekki viðunandi árangri sama hvort þau eru fædd og uppalin á Íslandi eða hafa flutt hingað eftir að máltaka og læsiskennsla hófst.


## Viðauki 4: Tölfræðilegar upplýsingar um fjölda barna af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi

**Leikskólar:** Alls 1.325 börn af erlendum uppruna, þar af 303 með annað foreldrið íslenskt. Börn sem fæðst hafa á Íslandi meðtalin. Alls 105 börn í 13 sjálfstætt starfandi leikskólum meðtalin

Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur

Fylgiskjal 17c


### Fjöldi leikskólabarna af erlendum uppruna, eftir móðurmáli



\*Málflýskur á Filíppseyjum bicol, cebuano, visya og tagalog.

#### Viðauki 4. (framhald)

**Grunnskólar:** Samkvæmt niðurstöðum úr málkönnunarprófinu Milli mála sem lagt var fyrir börn með annað móðurmál en íslensku í grunnskólum Reykjavíkur vor og haust 2014 er fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku ca. 1800. Fjöldi tungumála er ca. 60 talsins. Eftirfarandi tafla sýnir fimm algengustu móðurmálin önnur en íslensku.



albanska	55
litáíska	63
víetnamska	64
enska	102
filippínska	126
pólska	288

## Viðauki 5: Stefna SFS um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf

### ***Virkt tvítyngi – móðurmál og íslenska sem annað mál.***

Mikilvægt er að í öllu skóla- og frístundastarfi sé lögð áhersla á að efla íslenskukunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku. Hæfni í íslensku er meginforsenda þess að börn verði að virkum þátttakendum í samfélagi lýðræðis og jafnréttis og geti lagt stund á almennt nám í íslenskum skólum. Nauðsynlegt er að börn með annað móðurmál en íslensku þrói með sér félags- og samskiptafærni, læsi, lestur og ritun, líkt og önnur börn í skóla- og frístundastarfi. Í kafla um íslensku sem annað mál í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 106-107) er lögð áhersla á að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgi skólafélögum í námi í öðrum námsgreinum og fái til þess nauðsynlegan stuðning. Mikilvægt er að varpa ljósi á hvernig flókið samspil innri og ytri þátta hjá sérhverjum einstaklingi ræður því hvernig honum gengur að ná tökum á íslensku sem öðru máli. Dæmi um innri þætti eru t.d. hneigð til náms, staða í móðurmáli, fyrri reynsla, aldur og persónuleiki. Viðhorf og væntingar samfélagsins, færni kennara og kennsluáferðir eru hins vegar dæmi um ytri þætti.

***Mjög mikilvægt er að byggja á styrkleika barna í öllu starfi, hvort heldur sem er í námi eða frístundastarfi. Góð staða barna í tungumáli, bæði móðurmáli og íslensku, hefur áhrif á þróun sjálfsmyndar þeirra til framtíðar.***

***Mál og læsi er að stórum hluta félagslegt nám sem byggist upp í samskiptum og samræðum um viðfangsefni þar sem skilningur og ný þekking eru markmiðið. Tryggja þarf virka þátttöku allra nemenda í námi og leik þar sem unnið er á fjölbreyttan hátt með tungumálið um leið og lögð er áhersla á að allir njóti sín í gefandi og uppbyggilegum samskiptum þar sem skilaboðin eru skýr; allir eru velkomnir og þess virði að tilheyra þessum hóp!***

Elín Þöll Þórðardóttir (2007, bls. 102) hefur bent á að þegar unnið er með íslensku sem annað mál sé haft í huga að ekki henti allar aðstæður jafn vel til að vinna með tungumálið. „Sumar af þeim aðferðum sem þróaðar hafa verið sérstaklega fyrir tvítyngd börn gera minna gagn en skyldi vegna þess að svo mikil áhersla er lögð á sérsniðna þáttinn, að almennari þættir sem tengjast málörvun barna, lúta í lægra haldi. En tvítyngd börn eru fyrst og fremst bara börn og máltaka á tveimur málum lýtur í grundvallaratriðum sömu lögmálum og máltaka á einu máli“. Þannig skiptir máli að nýta öll tækifærin sem gefast í skóla- og frístundastarfinu til þess að vinna með íslensku sem annað mál.

***Í nýlegri rannsókn sem gerð var í tengslum við þróun málkönnunarprófsins Milli mála kemur fram að máltaka íslensku sem annars máls sé tímafrekt ferli og að börn þurfi að verja a.m.k 50% vökutímans í íslensku málumhverfi til þess að tungumálið vaxi og dafni og nýtist þeim til gagns (Elín Þöll Þórðardóttir, 2012).***

Talað er um að það geti tekið 1-2 ár að ná tökum á félagslegu tungumáli sem nýtist í daglegum samskiptum en allt að 6-7 árum að ná „akademískri færni“ eða þeirri færni sem þarf að ná til að öðlast tök á tungumáli skólans (Cummins, 2004; Elín Þöll Þórðardóttir, 2012).

***Í þessu sambandi er skipulagt frístundastarf til viðbótar við grunnskóladaginn afar mikilvægt því á vettvangi frítímans gefst tækifæri til að vera í samskiptum sem byggjast á sameiginlegu áhugasviði þar sem styrkleikar einstaklingsins fá að njóta sín.***

Móðurmálskunnátta barna spilar sterklega inn í nám þeirra og þroska en góður grunnur í móðurmáli getur haft grundvallaráhrif á máltöku annars máls þegar vel er að staðið (Birna Arnbjörnsdóttir, 2010);



Cummins, 2004; Elín Þöll Þórðardóttir, 2007). Þá hafa fræðimenn sýnt fram á að virðingarstaða móðurmálsins og viðhorf til þess geti haft mikil áhrif á þróun sjálfsmyndar barna og trú á eigin getu (Banks, 2010; Cummins, 2004). Góð þekking á móðurmáli og íslensku er bæði auður fyrir einstakling og samfélag, auður sem ber að rækta og gæta. Í ályktun íslenskrar málnefndar frá 2013 er fjallað um mikilvægi þess að stuðla að virku tvítyngi á þann hátt að unnið sé með móðurmál barna um leið og þau ná tökum á íslensku sem öðru máli.

***Rannsóknir hafa sýnt fram á að virkt tvítyngi sé farsælast fyrir nám og líf barna. Það felur í sér málviðbót þar sem nýja málinu er bætt við móðurmálið en kemur ekki í stað þess. Virkt tvítyngi styrkir og hefur jákvæð áhrif á námsárangur á meðan málskipti hafa neikvæð áhrif. Færni í móðurmáli er lykill að því að læra annað mál auk þess sem hún er líklegri til að styðja við vitsmunalegan þroska á öðrum sviðum.***

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er lögð áhersla á að aðildarríki tryggi möguleika barna til að viðhalda móðurmáli sínu og að þau fái tækifæri til að nota það í samfélagi með öðrum (Barnasáttmálinn, grein 30.) Í aðalnámskrá grunnskóla er kafli um íslensku sem annað tungumál en þar segir að mikilvægt sé að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna ásamt því að þróa og rækta eigið móðurmál til að stuðla að virku tvítyngi. Samskonar áherslur má sjá í læsisstefnu leikskóla Reykjavíkur „Lesið í leik“ og lestrarstefnu grunnskóla borgarinnar auk áherslu um að unnið sé með móðurmál barna og þekkingu í námi og leik. Í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar skal leita allra leiða til að virða og vinna markvisst með fjölbreytt tungumál, stuðla að aukinni móðurmálskunnáttu allra barna og þróa þekkingu starfsfólks á gildi móðurmálsins í námi og lífi barna og ungmenna.

***Leita skal leiða til að brúa bilið á milli móðurmáls og íslensku hjá þeim börnum sem hefja leikskóla- eða grunnskólagöngu og tala ekki íslensku. Þetta er hægt að gera í samstarfi við starfsfólk, aðra nemendur eða fullorðna sem geta verið til aðstoðar og tala móðurmál barnanna. Þá er lögð áhersla á að styðja foreldra við að viðhalda og efla móðurmál barna sinna og fræða þá um mikilvægi móðurmálsins.***

Fjölmenningarstefna Heimurinn er hér Stiklur í vinnu með Móðurmál barna:

- **Fjölbreytt móðurmál:**
  - Vinna með fjölbreytt tungumál í skóla- og frístundastarfi eykur meðvitund allra um tungumál (e. *metalinguistic awareness*) en slík þekking kemur öllum til góða bæði í samskiptum og í eigin tungumálanámi.
  - Góð staða í móðurmáli hefur bein áhrif á möguleikann til að ná árangri í íslensku sem öðru máli.
  - Vitsmunapróska og þróun tungumálsins haldast í hendur. Þekking sem verður til á móðurmáli verður að undirliggjandi færni í íslensku sem öðru máli.
  - Stuðningur við fjölbreytt móðurmál í skóla- og frístundastarfi eykur virðingu samfélagsins fyrir tungumálum.
- **Til þess að börn geti þróað með sér virkt tvítyngi þarf ríkt málumhverfi bæði á móðurmáli og íslensku. Hér á eftir eru hugmyndir að 10 leiðum til að vinna með fjölbreytt tungumál í skóla- og frístundastarfi. Enn fleiri hugmyndir eru á Tungumálatorgi og Fjölmenningarvefnum.**

1. Útbúa tungumálabanka með upplýsingum um öll tungumál sem töluð eru af börnum og fullorðnum í leikskólanum, grunnskólanum eða í frístundastarfinu. Bankinn getur verið á netinu og/eða á veggspjaldi.
2. Auglýsingar, kveðjur og tilkynningar á tungumálum skólans og frístundastarfsins. Þjóðið gesti velkomna á fjölbreyttum tungumálum.
3. Kynna eitt nýtt orð á dag á tungumálunum sem töluð eru í hópnum. Það er hægt að gera á einfaldan hátt t.d. með því að kanna hvernig ný orð sem verið er að læra á íslensku hljóma á öðrum tungumálum.
4. Búa til tvítyngisbækur eða samskiptabækur með myndum og texta á íslensku og öðrum tungumálum. Eldri og yngri nemendur geta hjálpast að við verkefnið þar sem paraðir eru saman þeir sem tala íslensku og annað mál. Í leikskóla er hægt að vinna slíkar bækur með foreldrum eða börnunum sjálfum.
5. Veita börnum tækifæri til að nýta móðurmál sitt í vinnu með ný hugtök en þannig dýpkar skilningur þeirra í náminu um leið og fyrri þekking þeirra er virkjuð.
6. Nýta rafræna tækni, tölvur, myndbandsvélur, myndavélar og spjaldtölvur til að auðvelda börnum að tjá sig og læra í gegnum móðurmál sitt.  
Með spjaldtölvum geta nemendur hvar sem er nýtt sér móðurmál sitt til skilnings á því efni sem þeim er ætlað að læra. Ef nemendur fá ekki tækifæri til þess að þroska hugsun sína á móðurmálinu er hættu á að þeir staðni og nái hvorki tökum á því né nýja málinu ([Heimasíða Hagaskóla](#)).
7. Læra söngva, leiki og að telja á fjölbreyttum tungumálum. Fáíð börn og foreldra til að aðstoða við að finna viðeigandi efni á netinu.
8. Útbúa veggspjöld með orðum úr fjölskyldunni s.s. eins og mamma, amma, afi á tungumálum skólans.
9. Nýta bækur á fjölbreyttum tungumálum sem eru aðgengilegar rafrænt eða á bókasöfnum. Biðjið foreldra um að koma og lesa á fjölbreyttum tungumálum eða fáíð eldri nemendur sem eru læsir á eigin móðurmáli til að lesa fyrir yngri börn.
10. Þegar nýtt barn (sem er að læra íslensku sem annað mál en er altalandi, skrifandi og lesandi á móðurmáli) kemur inn í barnahópin er tilvalið að para það saman með nemendum í hópnum (bekknum) í gegnum viðfangsefni dagsins og búa til lærdómspör sem læra saman íslensku og nýtt tungumál. Þaríð hefur stílabók (eða spjaldtölvu) og í hana eru skrifuð ný orð á báðum tungumálunum sem nauðsynlegt er að læra. Þannig verða til samskipti á milli barnanna sem byggja undir læsi, lestur, skrift og vitund um tungumál og um leið orðabók sem nýtist í samskiptum. Slík vinnubrögð styrkja félagsleg samskipti og gera allan nemendahópinn samábyrgan í að taka á móti nýja nemandanum.

### Samstarf um móðurmál barna og ungmenna

- [Tungumálaverið](#) er þjónustustofnun þar sem veitt er ráðgjöf í norsku og sænsku til skóla og sveitarfélaga um allt land. Þar fer fram staðbundinn kennsla í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur í Reykjavík. Boðið er upp á netnám í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur innan bæjar og utan.
- [Evrópska Tungumálamappan](#) er verkefni fyrir nemendur frá 5 ára aldri en þar hefur þróun tungumáls verið kortlögð og stigskipt. Nemendur geta fylgst með eigin kunnáttu með því að meta sig við ákveðinn sjálfsmatsramma til að finna út hvar það er statt í öllum

færniþáttum á bilinu A1-C2. Einnig er þar að finna sjálfsmatslista sem hægt er að styðjast við í kennslu.

- Samtökin Móðurmál hafa verið starfrækt frá árinu 1994. Tilgangur samtakanna er að kenna tvítýngdum börnum móðurmál þeirra, styðja móðurmálskennara, að afla þekkingar á tvítýngi og að hvetja foreldra tvítýngdra barna til að veita þeim tækifæri til móðurmáls-og menningarnáms. Nú eru kennd um 20 móðurmál innan samtakanna.
- Pólski skólinn var stofnaður af hópi kennara og foreldra sem vildu auka aðgang að móðurmáli, sögu og landafræði. Nemendur í skólanum eru á aldrinum 5-18. ára.
- Heimanámsaðstoð á Borgarbókasafni Verkefnið er samstarfsverkefni Borgarbókasafns og Reykjavíkurbildar Rauða kross Íslands.
- Café Lingua, er rekið af Borgarbókasafni og er hugsað sem vettvangur fyrir þá sem vilja efla tungumálakunnáttu sína.

## Viðauki 6. Læsisstefna Leikskóla *Lesið í leik*

Huga þarf að því að börnum fari stöðugt fram í öllum þáttum máls og varast að einblína á einstaka þætti umfram aðra. Leikskólakennarar þurfa að vera meðvitaðir um að mikill einstaklingsmunur er á milli barna á leikskólaaldri hvað varðar málþroska og þeir þurfa að þekkja eðlilega framvindu þroska í máli og læsi. Móðurmálskunnátta barna með annað móðurmál en íslensku og viðhorf leikskólans til móðurmáls þeirra hefur mikil áhrif á möguleika barnanna til að tileinka sér íslensku sem annað mál. Leggja þarf áherslu á að styrkja foreldra til að viðhalda móðurmálinu með börnunum um leið og leikskólinn vinnur markvisst með íslenskunám þeirra. Með samstarfi heimilis og leikskóla er unnt að stuðla að virku tvítyngi sem felur í sér mikinn ávinning fyrir barnið og samfélagið. Þannig er komið í veg fyrir „málskipti“ sem geta haft afdrifarík áhrif á málþroska, frekara nám og tengsl barna við fjölskyldur sínar síðar á lífsleiðinni.

Í leikskólum borgarinnar:

- Er markvisst unnið að því að kenna íslensku sem annað mál í leik og með virkri þátttöku tvítyngdra barna í leikskólastarfinu, um leið og leitað er leiða til að styðja við og efla móðurmál þeirra í samstarfi við foreldra.

## Börn með annað móðurmál en íslensku

- Tvítyngi – fjöiltyngi
  - Máltaka tveggja/fleiri tungumála samtímis leiðir til tvítyngis.
  - Þegar barn notar tvö tungumál eða fleiri daglega og „lífir“ þannig í báðum (öllum) tungumálunum er talað um „virkt tvítyngi“.
  - Börn virðast hafa alla burði til að læra tvö eða fleiri mál samtímis og verða tvítyngd/fjöiltyngd ef bæði/öll tungumálin eru notuð reglulega og nægilegt ílag (e. *input*) fæst úr málumhverfinu.
  - Það er ávinningur, bæði fyrir einstakling og samfélag að hafa góða þekkingu á móðurmáli og íslensku.
  - Móðurmál og íslenska byggja hvort á öðru í stað þess að taka hvort frá öðru.
  - Móðurmálið er mikilvægur grunnur fyrir máltöku annars máls.
- Málskipti (*þegar íslenska tekur yfir og barn tapar móðurmáli sínu*):
  - Ef ekki er haldið áfram að þróa móðurmálið þegar komið er í íslenskt málumhverfi getur barnið tapað niður móðurmáli sínu á stuttum tíma (1-2 árum).
  - Málskipti hafa neikvæð áhrif á þróun málþroska og sérstaklega þróun læsis.
  - Málskipti hafa neikvæð áhrif á samskipti og tengsl barna við fjölskyldur sínar.
- Móðurmál barnsins er samofið sjálfsmynd þess. Börn með annað móðurmál en íslensku koma oftast í leikskólann með góða þekkingu á móðurmáli sínu og menningu.
  - Mikilvægt er að líta á barnið sem hæfan einstakling þar sem virðing og væntingar eru lyklatríði.
  - Jákvætt viðhorf leikskólasamfélagsins til ólíkra móðurmála er líklegt til þess að hafa góð áhrif á máltöku íslensku.
  - Þegar börn og leikskólakennarar læra söngva og orð á fjölbreyttum tungumálum er verið að sýna fjölbreyttum tungumálum virðingu og áhuga á markvissan hátt en það eflir færni allra barnanna í hópnum.
  - Gott er að senda heim myndir úr leikskólastarfinu til að foreldrar geti rætt reynslu barnanna og upplifun á íslensku við þau á móðurmáli þeirra.

- Starfsfólk leikskóla getur óskað eftir því að fá myndir að heiman til að ræða við börnin á íslensku um það sem þau gera heima í móðurmálsumhverfinu.
- Mikilvægt að leikskólastarfsfólk þekki ferli máltöku annars máls og viti hvernig eigi að bregðast við og vinna með málörvun og læsi tvítyngdra barna frá upphafi leikskólagöngunnar.
  - Miklu máli skiptir að efla barnið í gagnvirkum samskiptum við börn og fullorðna sem tala góða íslensku. Tímalengdin skiptir miklu máli en talað er um að börn þurfi að vera yfir 50% vökutímans í ríku málumhverfi á íslensku til þess að ná góðum tókum á henni.
  - Meta þarf framfarir barna í tungumálinu og vinna með íslensku sem annað mál út frá því hvort barnið er byrjandi, lengra komið eða búið að ná góðri færni í íslensku.
- Það tekur tíma að læra íslensku sem annað mál, góð staða í móðurmáli er líkleg til þess að auðvelda barni að læra íslensku sem annað mál og markviss vinna, örvun og hvatning í leikskólanum frá fyrstu tíð skiptir miklu máli.

## Viðauki 7: Útdráttur úr drögum að þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2015–2019

### C.2. Virkt tvítyngi/fjöiltyngi og móðurmálskennsla

Markmið:

Að auka vægi móðurmálskennslu hjá nemendum í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Allir nemendur grunn- og framhaldsskóla séu upplýstir um réttinn til að fá eigið móðurmál metið árið 2015 og fái á vitnisburðarblaði kunnáttu í móðurmáli metna árið 2016; 75% nemenda með íslensku sem annað móðurmál fái stað- eða fjarkennslu í eigin móðurmáli árið 2018.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem mótar og samræmir tillögur um móðurmálskennslu á öllum skólastigum og metur nám, auk þess að móta tillögur um hvernig fjármagn sem nýtt er í tungumálakennslu í dag geti nýst þessum hópi betur.

Útbúinn verði samræmdur leiðarvísir fyrir móðurmálskennslu á öllum skólastigum. Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samstarfsaðilar: Tungumálatorgið, Tungumálaver, frjáls félagasamtök sem stuðla að móðurmálskennslu, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, innflytjendaráð, Samband íslenskra sveitarfélaga, grunnskólar og framhaldsskólar. Mælikvarði: Fjöldi nemenda sem fær móðurmálskennslu að staðaldri.

Hagaðilar/markhópur: Nemendur á öllum skólastigum, foreldrar og skólasamfélagið.

Tímabil: 2015–2019.

Kostnaður: Innan ramma mennta- og menningarmálaráðuneytisins í framlagi til að byggja upp móðurmálskennslu og styðja við starfsemi félagasamtaka sem vinna að eflingu móðurmálskennslu (3–5 m.kr.).

Afurð: Stað- og fjarnám í algengustu móðurmálum sem notuð eru hér á landi og samræmdur leiðarvísir fyrir móðurmálskennslu á öllum skólastigum. Aukin móðurmálskennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.



## Viðauki 8: Verkferill v. pólskumælandi tungumálaleiðbeinanda í leikskóla

Leikskólar geta óskað eftir stuðningi og ráðgjöf frá Magdalenu Elísabetu Andrésdóttur vegna pólskumælandi barna og foreldra. Slík ráðgjöf og stuðningur er fyrst og fremst ætlaður starfsfólki leikskóla með það að markmiði að að styðja við nám og þroska leikskólabarna af pólskum uppruna, styðja við móðurmál þeirra barna og brúa bilið á milli barnsins og íslenskumælandi barna og fullorðinna í leikskólalastarfinu.

- Í þeim tilfellum sem óskað er eftir stuðningi/ráðgjöf Magdalenu vegna einstakra barna, ber leikskólastjóri/deildarstjóri ábyrgð á því að kalla foreldra barnsins á stuttan fund til að útskýra hlutverk Magdalenu. Í framhaldi af slíkum fundi er sett niður áætlun um aðkomu hennar.
- Þegar leikskólar óska eftir stuðningi eða ráðgjöf frá Magdalenu vegna hóps pólskumælandi barna verði foreldrum þeirra barna afhent staðlað bréf á pólsku og íslensku með upplýsingum um verkefnið og hlutverk ráðgjafans. Aðrir foreldrar einnig upplýstir um tímabundna aðkomu hennar.
  - Bréfið til foreldra verði eftirfarandi:
    - Kæru foreldrar. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur hefur ráðið Magdalenu Elísabetu Andrésdóttur sem pólskumælandi stuðning/ráðgjafa í leikskólum borgarinnar. Hlutverk Magdalenu er að veita leikskólum stuðning og ráðgjöf vegna pólskumælandi barna með það að markmiði að styðja við nám þeirra og þroska og gefa þeim tækifæri til að nýta og efla móðurmál sitt í leikskólalastarfinu. Leikskólinn \_\_\_\_\_ hefur óskað eftir aðkomu Magdalenu og mun hún koma til með að sinna ráðgjöf og stuðningi við leikskólalastarfið á næstunni. Ef einhverjar spurningar vakna vinsamlegast hafið samband við leikskólalastjóra eða Fríðu B. Jónsdóttur verkefnastjóra í fjölmenningu á aðalskrifstofu Skóla- og frístundasviðs Borgartúni 12, [frida.b.jonsdottir@reykjavik.is](mailto:frida.b.jonsdottir@reykjavik.is)
- Til athugunar:
  - Þegar upp koma flókin mál sem tengjast fjölskyldum pólskumælandi barna, barnaverndarmálum eða öðru skal kalla til túlk. Hlutverk Magdalenu felst ekki í því að sinna túlkajónustu heldur fyrst og fremst að brúa bilið á milli pólskunnar og íslenskunnar með því að taka þátt í samtali á milli foreldra og leikskóla annarsvegar og leikskólalastarfsfólks og barna hinsvegar og miðla gagnvirkum upplýsingum.
  - Upplýsingar um túlkajónustu er að finna á [www.allirmed.is](http://www.allirmed.is)
  - Vinnsla trúnaðarupplýsinga um einstök börn fer eingöngu fram í leikskólum viðkomandi barna og utanumhald um þær upplýsingar er á ábyrgð leikskólalastjóra/deildarstjóra.

## Viðauki 9: Punktur um foreldrasamstarf

### Foreldrasamstarf

#### Lög um grunnskóla nr.91/2008

##### 2. gr. Markmið.

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda

<sup>1)</sup>[Rg. 897/2009](#), sbr. [657/2011](#). <sup>2)</sup>[L. 38/2009, 2. gr.](#)

##### ■19. gr. Ábyrgð foreldra.

Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið. Skólastjóri skal fara að ákvæðum stjórnáskýlulaga við meðferð málsins. Ákvörðun er kæránleg eftir fyrir mælum 47. gr.

Í úrskurði getur [ráðuneyti]<sup>1)</sup> lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda tiltekin kennsluúrræði, þ.m.t. að veita honum aðgang að tilteknum skóla innan sveitarfélagsins.

<sup>1)</sup>[L. 91/2011, 1. gr.](#)

### Aðalnámsskrá grunnskóla (2011, almennur hluti)

#### 7.7 Samstarf heimila og skóla

Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinn og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.

## **Algengar ástæður þess að foreldrar af erl. uppruna taka ekki þátt í**

### **foreldrasamstarfi:**

- Margir vinna það mikið og taka sér ekki frí til að mæta á foreldrafundi eða annað sem tengist skólanum.
- Algengt að barnmargar fjölskyldur komist ekki frá, hafi ekki barnapössun.
- Sumum finnst erfitt að þurfa að vera í tengslum við skólann vegna slæmrar eigin reynslu af skólagöngu sinni.
- Sumir sjá ekki tilgang í að mæta á foreldrafundi þar sem þeir geta ekki tjáð sig og finnst þeim hafa lítið fram að færa.
- Aðstæður sumra eru þannig að þeir upplifa nýja reynslu sína í landinu erfiða og vita ekki hvernig þeir geta aðlagast þessum nýju aðstæðum.
- Margir hafa lítið eða ekkert félagslegt tengslanet í kringum sig sem hvetur þá til þátttöku.
- Mörgum finnst þeim lítið geta gert fyrir börnin sín í tengslum við skólann þar sem þau tala ekki tungumálið og halda sig því heima.
- Margir eru hræddir við að tjá sig og þá sérstaklega á stórum fundum.
- Margir líta svo á að þeir eigi ekki að skipta sér af því sem fram fer í skólanum.

## **Samstarf heimilis og skóla, foreldrar barna af erlendum uppruna. Hvað er mikilvægt að hafa í huga:**

- Upplýsingar, samræða og þátttaka eru algengasta samvinnuformið. Nauðsynlegt að hafa mismunandi samvinnuhætti ekki bara foreldrafundi.
- Sameiginleg gildi og áhugi (skóli/foreldrar) auðvelda alla samvinnu (t.d. benda margar rannsóknir á að menntaðir foreldrar nái betur til skólans/kennarans).
- Mikilvægt að skólinn og heimilið hafi opna samræðu um hvað skólinn lítur á sem mikilvægan þátt í uppeldi barnsins og hvað foreldrar meta og líta á sem mikilvægan þátt.
- Þekking skólans og foreldrana á hvort öðru auðvelda alla samvinnu.
- Skólinn þarf að líta á foreldrana sem auðlynd fyrir skólann.
- Samræða (dialog) milli heimilis og skóla þarf að eiga sér stað.
- Samræða getur ekki bara byggst upp á upplýsingagjöf milli umsjónarkennara og foreldra. Margir foreldrar með innflytjendabakgrunn þurfa meiri upplýsingar um bæði skólakerfið og þann hugsunarhátt sem ríkir í skólanum og í garð skólans. Kennarar þurfa einnig upplýsingar frá foreldrum um þeirra hugmyndir sem varða skólann og uppeldi barna þeirra. Mikilvægt er að kennarar virði sjónarmið foreldra. Þörf er á því að skoða hvaða atriði skipta máli í samskiptunum (dialog) á milli heimilis og skóla og styrkja það.
- Þörf foreldra fyrir viðurkenningu frá skólanum (Nordahl 2007, Becher 2006 og Bae 2004).
- Leggja foreldrafundina upp út frá þörfum foreldrana (ekki bara í formi samræðu) heldur þátttöku og öðrum samskiptum. (Kanna hvað geta foreldrarnir lagt fram til samvinnunnar).
- Styrkja samvinnu og tengsl foreldra (t.d. á foreldrafundum eða öðrum viðburðum).
- Reynslan sýnir að foreldrar af erl. uppruna vilja frekar vinna í smærri hópum þar sem þeir hafa möguleika á að tjá sig.
- Upplýsingar til foreldra um þær reglur, siði og venjur sem viðgangast í skólanum. Hvað skólinn ætlar foreldrum og hvað foreldrar ætlast til af skólanum.
- Foreldrar þurfa að upplifa að þeir séu heyrðir og séðir.
- Átta sig á hver gildin eru í skólanum fyrir góðri samvinnu heimilis og skóla? Hvað finnst skólanum vera góð samvinna heimilis og skóla? ([www.fug.no](http://www.fug.no))

## Viðauki 10. svar MMR vegna beiðni sambands íslenskra sveitarfélaga um að stofnaður verði starfshópur um móðurmálskennslu að frumkvæði SFS



### MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhöfsgötu 4 · 150 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068  
postur@men.is · menningarmalaraduneyti.is

Samband íslenskra sveitarfélaga  
Karl Björnsson  
Pósthólf 8100  
128 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. desember 2014  
Tilv.: MMR14060163/6.16.0-

Efni: Beiðni um að stofnaður verði starfshópur um móðurmálskennslu nemenda sem hafa íslensku sem annað tungumál

Viðauki er til bréfs Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 6. júní 2014 þar sem óskað eftir því að mennta- og menningarmálaráðuneyti stofni til starfshóps um móðurmálskennslu nemenda sem hafa íslensku sem annað tungumál, m.a. í því skyni að formgera kennsluna og setja henni samræmd viðmið.

Ráðuneytið hefur haft fulltrúa í starfshópi á vegum velferðarráðuneytis um málefni innflytjenda. Velferðarráðherra mun leggja fram á Alþingi þingsályktunartillögu sem byggir á framkvæmdaáætlun sem unnin hefur verið til að bæta stöðu innflytjenda. Þar verður m.a. að finna tillögu sem snýr að því að stofnaður verði starfshópur sem móti og samræmi tillögur um móðurmálskennslu á öllum skólastigum, auk tillagna um hvernig fjármagn sem nýtt er í tungumálakennslu í dag geti nýst þessum hópi betur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið telur eðlilegt að beiðni verði eftir því að þingsályktunartillagan hljóti afgreiðslu á þingi og því ekki tímabært að stofna til starfshópsins fyrr en að þeirri afgreiðslu lokinni. Ráðuneytið tekur hins vegar jákvætt í efni erindisins og bendir á að stuðningur sem þessi mun án efa styðja við innleiðingu á hvítbók ráðherra um umbætur í menntun. Gert hefur verið ráð fyrir ákveðnu fjármagni til framkvæmdar þingsályktuninni sem ætti þá einnig að geta staðið undir kostnaði við starf fyrirhugaðs hóps.

Beiðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu.

Fyrir hönd ráðherra

  
Hellen Gunnarsdóttir

  
Sigríður Lára Ásbergisdóttir

SAMBAÐ ÍSLÉNSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	1104 029 SA
Móttækid dags.	09. DES. 2014
Bréfélykis nr.	342

## Viðauki 11. Dæmi um fjarnám / nám í erlendum móðurmálum

Enska

<http://www.britishcouncil.org/>

Filipseyska

Kennsla - <http://www.pinoydirectory.com/tagalog/>

Vinnublöð - <http://samutsamot.com/about/>

Barnaefni - [http://www.seasite.niu.edu/.../tagalog\\_for\\_kids\\_fs.htm](http://www.seasite.niu.edu/.../tagalog_for_kids_fs.htm)

Lettneska

[http://valoda.lv/en/Latviesu\\_valoda\\_arzemes/Latviesu\\_valoda\\_arzemes/mid\\_635](http://valoda.lv/en/Latviesu_valoda_arzemes/Latviesu_valoda_arzemes/mid_635)

<http://maciunmacies.valoda.lv/valodas-apguve/e-nodarbibas#tab1>

<http://maciunmacies.valoda.lv/>

Litáíska

<http://www.ozogimnazija.lt/nuotolinis-mokymas-vilniaus-ozo-gimnazijoje/lituanistinis-mokymas/>

Portúgalska

<http://www.instituto-camoes.pt>

Slóvakíska

<http://www.iseia.eu/>

Spænska

<http://www.cervantes.es/default.htm>

<http://recursostic.educacion.es/secundaria/edad/>

Tékkneska

<http://www.csbh.cz/>

Þýska

<https://www.goethe.de/en/index.html>

## **Viðauki 12. Svör umboðsmanns við fyrirspurn samtakanna Móðurmál um túlkun á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.**

### **1. Hafa börn af erlendum uppruna rétt á að fá móðurmálskennslu í sínu erfðarmáli/heimamáli?**

Umboðsmaður barna telur að Barnasáttmálinn feli í sér að leitast skuli við að tryggja börnum kennslu í eigin móðurmáli. Má því til stuðnings benda á ýmis ákvæði sáttmálans.

Samkvæmt 6. gr. sáttmálans er ríkinu skylt eftir fremsta megni að tryggja að börn megi lifa og þroskast. Þetta ákvæði felur meðal annars í sér skylduna til þess að hlúa að alhliða þroska barna, þar á meðal málþroska. Í ljósi þess að rannsóknir hafa sýnt fram á hversu mikil áhrif færni í eigin móðurmáli hefur á málþroska barna telur umboðsmaður barna að þetta ákvæði feli meðal annars í sér skylduna til þess að stuðla að því að börn fái kennslu í eigin móðurmáli

Í 8. gr. Barnasáttmálans kemur meðal annars fram að barn eigi rétt á viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling. Þó að móðurmál sé ekki beinlínis nefnt í umræddu ákvæði er ljóst að það fellur þar undir, ásamt til dæmis eigin menningu og trú. Þó að skuldbinding ríkisins samkvæmt þessu ákvæði felist fyrst og fremst í því að svipta barn ekki þessum auðkennum sínum má ætla að það leggi einnig jákvæða skyldu á ríkið til þess að leitast við að auðvelda barni að viðhalda þeim, til dæmis með kennslu í eigin móðurmáli.

Í 29. gr. Barnasáttmálans er fjallað um markmið menntunar. Samkvæmt því ákvæði á menntun barna meðal annars að beinast að því að móta með barni virðingu fyrir menningarlegri arfleifð þess og tungu. Má gera ráð fyrir að kennsla í eigin móðurmáli geti verið mikilvægur þáttur í að tryggja að barn geti viðhaldið og borið virðingu fyrir eigin tungu.

Í 30. gr. Barnasáttmálans er fjallað um rétt barna sem tilheyra minnihlutahópum, en samkvæmt því ákvæði ber ríkinu að virða rétt barna til að njóta eigin menningar og nota eigið tungumál í samfélagi með öðrum í hópnum.

Að lokum má benda á 2. gr. sáttmálans, sem er almenn jafnræðisregla. Í því felst skyldan til þess að tryggja öllum börnum sama rétt, án mismununar af nokkru tagi. Þarf því að tryggja öllum börnum ofangreind réttindi, án tillits til tungu, uppruna, þjóðernis eða annarra aðstæðna. Þá má benda á að samkvæmt 3. gr. Barnasáttmálans skal ávallt hafa hagsmuni barna að leiðarljósi við ákvarðanir sem varða börn.

### **2. Er brotið gegn réttindum barna ef þau fá ekki ofangreinda móðurmálskennslu?**

Umboðsmaður barna telur að ofangreind ákvæði Barnasáttmálans feli í sér að ríkinu sé skylt að leitast við að tryggja móðurmálskennslu fyrir öll börn. Það telst því brot á réttindum barns ef ríki og sveitarfélög gera engar ráðstafanir til þess að tryggja börnum slíka kennslu. Ef um er að ræða tungumál sem fáir tala getur hins vegar verið erfitt að tryggja slíka kennslu, t.d. ef enginn kennari



finnst hér á landi til þess að kenna tungumálið. Við slíkar aðstæður ætti þó að leitast við að gera aðrar ráðstafanir, í samráði við foreldra barns. Ef foreldrar treysta sér ekki til þess að kenna barninu væri til dæmis hægt að kanna fjarkennslu í gegnum netið eða aðrar leiðir sem hugsanlega kunna að vera í boði.

Í þessu sambandi má einnig benda á að það eru fyrst og fremst foreldrar sem bera ábyrgð á velferð barna sinna og hafa þeir því ákveðnar skyldur þegar kemur að réttindum til að viðhalda eigin menningu og tungu. Ríkinu ber þó að aðstoða foreldra í hlutverki sínu og grípa inn í þegar ljóst er að foreldrar geta ekki sinnt því sem skyldi.

### 3. Í ljósi þess að Barnasáttmálinn hefur verið lögfestur hér á landi – er brotið gegn íslenskum lögum ef börn af erlendum uppruna fá ekki móðurmálskennslu?

Sem fyrr segir telur umboðsmaður barna það ekki í samræmi við Barnasáttmálann – og þar með ekki íslensk lög, sbr. lög nr. 19/2013 – ef ekki er leitast við að tryggja börnum í móðurmálskennslu. Einnig má benda á að samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 skal stefnt að tvítyngi nemenda, sbr. 4. mgr. 16. gr. laganna. Þá kemur fram í aðalnámskrá að leitast skuli við að bjóða upp á móðurmálskennslu.

Kær kveðja,

Margrét María

#### **Skrifstofa umboðsmanns barna**

Kringlunni 1, 5. hæð

103 Reykjavík, Ísland

Sími: 552 8999

Gjaldfrjálst númer: 800 5999

Heimasíða: [www.barn.is](http://www.barn.is)

Netfang: [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is)

## Viðauki 13. Samningur um samskipti

Friða Bjarney Jónsdóttir verkefnastjóri fjölmenningar hjá SFS  
Frida.bjonsdottir@reykjavik.is



### Samningur um samskipti

Ein leið til að auðvelda samskipti leikskóla og foreldra sem ekki tala eða lesa íslensku er að gera **samning um samskipti**. Slíkur samningur felur í sér gagnvirkt samkomulag og getur verið í formi gátlista þar sem foreldrar og leikskólinn setja niður áætlun um leiðir til að nota í upplýsingamiðlun og samskiptum. Samningur af þessu tagi leggur líka ákveðna ábyrgð á báða aðila gagnvart því að sinna þeim mikilvæga þætti sem samstarf foreldra og leikskóla er. Um leið fá foreldrar þau skilaboð að í leikskólanum ríki jákvætt viðhorf til þess að byggja upp árangursrík samskipti þrátt fyrir að foreldrar og starfsfólk deili ekki sama tungumáli.

*Dæmi um atriði sem gætu verið í slíku samkomulagi:*

- Vilja foreldrar túlk og er það einhver ákveðinn túlkur sem þeir vilja?
- Lesa foreldrar íslensku? Ensku?
- Nota foreldrar tölvupóst og er hægt að senda skilaboð á milli í tölvupósti og nota google translate eða annað til að aðstoða við að þýða?
- Eru einhverjir á heimilinu, í fjölskyldunni sem geta lesið íslensku og hjálpað til við að túlka?
- Eru aðrir foreldrar/starfsmenn í leikskólanum sem geta aðstoðað við samskipti?
- Geta foreldrar notað heimasíðu leikskólans til að fá upplýsingar um starfið eða myndir af börnunum?
- Vilja foreldrar fá miða með skilaboðum heim með barninu?
- Eru foreldrar látnir vita af þeim upplýsingum sem til eru á fjölbreyttum tungumálum?
- Eru foreldrar látnir vita af þeim upplýsingum sem ekki er mögulegt að þýða en er mikilvægt að þeir kynni sér með aðstoð einhverra sem lesa íslensku.
- Eru foreldrar tilbúnir til að aðstoða leikskólann við að útbúa myndræna samskipta og tvítyngisorðabók?



## Viðauki 14. Bréf frá skólastjórnendum í Grafarvogi og á Kjalarnesi

Reykjavík, 19. janúar 2015

Vegna fyrirhugaðrar móðurmálskennslu í grunnskólum Reykjavíkur fyrir börn af erlendum uppruna

Fyrirætlanir fræðslufirvalda í Reykjavík um móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna með tilheyrandi áherslu á tvítyngi þeirra er stórt framfaraskref í þessum málaflokki á Íslandi og við skólastjórnendur í Grafarvogi og á Kjalarnesi fögnum því sérstaklega. Um leið viljum við benda á tvennt sem við teljum vera **forsendur** fyrir því að verkefnið skili tilætluðum árangri:

1. *Lagt verði aukið fjármagn í verkefnið sem ekki verði tekið af núverandi heildarramma SFS heldur verði litið á þetta sem hreina viðbót við fjárveitingar Reykjavíkurborgar til fræðslu- og velferðarmála. Um er að ræða nýbreytni sem ekki má nota til að klípa af öðrum nauðsynlegum verkefnum, s.s. sérkennslu og sérfræðisþjónustu við nemendur.*
2. *Við teljum einnig að eitt af skilyrðunum fyrir því að árangur náist af verkefninu er að foreldrum nemendanna verði boðið upp á sambærilegt nám í íslensku á vegum Reykjavíkurborgar.*

Hér eru nokkur atriði er varða skipulag og framkvæmd verkefnisins:

3. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur hafi frumkvæði í málinu og gerist ábyrgðaraðili þess.
4. Tungumálaverið hafi umsjón með verkefninu í samvinnu við aðila eins og Pólska skólann og aðra sambærilega aðila, þar sem það á við.
5. Í því sambandi er mikilvægt að starfsemi slíkra skóla, eins og Pólska skólans, verði viðurkennd af SFS og námsmat þaðan tekið fullgilt í almennum grunnskólum í borginni. SFS sinni faglegu eftirlitshlutverki.
6. Kennslan verði skipulögð sem nokkurs konar farkennsla með aðstoð upplýsingatækni, þ.e. **fjarnám nemenda í bland við staðbundnar lotur**. Sérstakir **farkennarar** fari á milli skólanna og kenni t.d. einn dag í senn í hverjum skóla. Að auki verði hóptímar skipulagðir fyrir nemendur þeirra skóla sem ná ekki lágmarksfjölda (þar sem t.d. einungis einn eða tveir nemendur eru til staðar í hverju tungumáli). Jafningjastuðningur og nám með félagslegu sniði hentar vel fyrir þetta nám.
7. Þetta skipulag myndi þýða að sérstakir kennarar utan grunnskólanna sæju að mestu leyti um kennsluna. Það færi þó eftir aðstæðum á hverjum stað.
8. Gera þarf jafnframt ráð fyrir aukakostnaði grunnskólanna vegna umsjónar með fjarnáminu á hverjum stað, þar sem ekki er heppilegt að nemendur séu alveg á eigin vegum í þeim hluta námsins, einkum þeir yngri.

Skólastjórnendur í Grafarvogi og á Kjalarnesi

## Viðauki 15. Samantekt um aðferðir annarra landa

Reynsla og stefnur annarra landa

**Flest lönd nota samblöndu af tvíhlíðasamkomulagi, kennslu fjármagnaða af ríkinu og kennslu sem erlent tungumál og móðurmálskennslu í boði hagsmunasamtaka utan skólarammans. Langoftast er móðurmálskennsla í boði á grunnskólastigi frekar en framhaldsskólastigi.**

Eftirfarandi er samantekt úr skýrslu Integrating Immigrant Children into Schools in Europe, gefin út 2009 af Eurydice,

[http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic\\_reports/101EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic_reports/101EN.pdf)

1. Samskipti við fjölskyldur af erlendum uppruna
2. Eiginleg móðurmálskennsla

### Samskipti við fjölskyldur

Foreldrar eru fyrstu og miklvægustu móðurmálskennarar barnanna. Þó ekki allir, þá þurfa margir foreldrar sérstaklegan stuðning í þessu hlutverki, erfiðleikar geta verið tungumálin ef þau skilja íslensku ekki nógu vel til þess að afla sér upplýsingar. Stuðningur við fjölskyldur af erlendum uppruna skiptist í þrennt:

- Upplýsingar á erlendum tungumálum
- Túlkar
- Brúarsmiðir

Mörg lönd sem vinna með brúarsmiðahlutverki eru með regluverk um hver má starfa sem brúarsmiðir, ekki er til dæmis alls staðar útilokað að skólaliðar vinni sem brúarsmiðir en skilgreina þarf þá nákvæmlega skyldur og mörkin.

Dæmi fyrir lönd sem nota brúarsmiði sem stuðning eru Tékkland, Spánn (þar sem brúarsmiðir eru yfirleitt félagsráðgjafar) og Írland. Misjafnt er hvort brúarsmiðir vinna einnig sem túlkar, á Ítalíu til dæmis er til reglugerð sem skilgreinir „tungumála- og menningarmiðlarar“ (linguistic and cultural mediators) sem vinna bæði aðlögun og taka hlutverk túlks. Í Ungverjalandi geta skólar ráðið teymi sem samanstendur af kennara sem hefur ungversku sem annað mál sem sérgrein og sálfræðing. Úrræði er samt sjáldan notað.

Hins vegar eru mörg lönd sem reka sérstakt hverfisteymi (Belgía: hverfismiðstöð með teymi, miðlar upplýsingar, Frakkland: hverfismiðstöð skólanna, Austurríki: hverfin eru með Ráðgjafamiðstöð fyrir innflytjendur, Bretland (Wales: Ethnic minority achievement services),

Sum lönd lönd eru ekki með reglugerð í kringum það hlutverk en nota brúarsmiði: Tékkland, Eistland, Danmörk: 30 tvíyngdir brúarsmiðir starfa í í Kaupmannahöfn með verkefnisstjóra fyrir skólagöngu nemenda af erlendum uppruna sem stýrir brúarsmiðateymi. Brúarsmiðir sjálfir eru með mismunandi bakgrunn, allt frá því að vera menntaðir kennarar og eldri nemendur.

Í Noregi hafa foreldrasamtök búið til net af foreldrum með mismunandi tungumálum sem þekkja vel til, foreldramenntorannet

## Móðurmálskennslan:

Hafa ber í huga: í skýrslunni er bent á að hugsanlega getið það dregið úr áhrifum móðurmálskennslunnar ef hún fer fram utan skólatímans og bætist ofan á skyldunámið. Það getur verið séð sem stigma af börnum, að þau upplifa sig utangarðs og þurfi að læra meira en hin.

Fyrirkomulagið í öðrum evrópskum löndum er mismunandi, tekur mið af aðstæðum og þróun innflytjendamála. Sum staðar þar sem minnihlutahópar eru mjög stórir eru sérskólar, til dæmis í Lettlandi þar sem rússneskumælandi íbúar eru stór hópur.

20 lönd hafa gefið út reglugerðir sem mæla með móðurmálskennslu í skólunum (Ísland eitt þeirra.)

Írland: athyglisvert því þarna breytast hlutir mjög hratt upp úr 2000, svipað og hér.

Hins vegar eru einnig til dæmi þar sem þróun var snúið við, Holland til dæmis var kominn langt á veg þegar hætt var við innleiðing móðurmálskennslunnar í skólum og í staðinn var allt fjármagn sett í hollenskukennslu

2 mismunandi leiðir:

1. Samkomulag við heimalönd innflytjenda, í sumum löndum (Polland, Slóvenía og Liechtenstein) er móðurmálskennsla styrkt í gegnum sendiráð eða menningarsamtök frá viðkomandi löndum en kennslan er staðsett í skólabyggingum, í öðrum eru tvíhliða samningar, þar sem bæði löndin skuldbinda sig að styðjast við móðurmálskennslu samlandanna sinna í hinu landinu.
2. Stefna sem byggir á hugmyndinni um að öll börn eigi rétt á móðurmálskennslu, þó þetta sé yfirleitt háð ákveðnum skilmálum, eins og lágmarksþáttöku

Dæmi fyrir land sem tekur þátt í mörgum slíkum samstarfssamningum er Portúgal. Nú þegar er hópurinn sem starfar innan samtakanna Móðurmál í nánú sambandi við yfirvöld í Portúgal sem útvega bæði kennslufni og bjóða upp á fjarnám fyrir kennara.

Spánn og Slóvenía notað hvort tveggja

Lönd þar sem móttökulönd skipuleggja móðurmálskennslu (í samræmi við fjármögnunarmöguleikar)

Búlgaría: nemendur frá ES og EES og Sviss hafa rétt til móðurmálskennslu en lítið nýtt

Tékkland: skv. ES reglugerðinn 77/486, Tékkland hvetur skólana að bjóða móðurmálskennslu, lítið notað

Danmörk: móðurmálskennslu skv. 77/486 en einungis ef sveitarfélögin fjármagna kennsluna

Lettland: hvatning til skólanna að bjóða móðurmálskennslu

Noreg: 2007 Equal Education in Practice! Stefnan til að bæta nám og þáttöku leyfði öllum nemendum að fá móðurmálskennslu (áður einungis þeim sem höfðu náð góðum tókum á norsku). Mest fer þetta samt fram í tilraunaverkefnum

<https://www.regjeringen.no/globalassets/upload/ud/vedlegg/laerestrategie.pdf>

Spánn, Ítalía, Ungverjaland og Slóvakía: ákvörðun og útfærsla í höndum sveitarfélaga

Löndin sem hafa skilgreint lágmarkspáttöku nemenda í móðurmálskennslu: Eistland, Grikkland, Lettland, Austuríki, Finland og Sviðjóð, t.d. Estland 10, Lettland 5 og ef kennarinn fæst, Austuríki 12, Grikkland: 7 nemendur, 4 klst. Per viku en utan skólatíma, fjármagnað af ríkinu, Finland: fjármagnað af ríkinu, lágmark 4 nemendur, Sviðjóð: 5 ef kennari fæst

Almenn regla: ef ríkið fjármagnar kennsluna, fer hún yfirleitt fram utan hefbundins skólatíma, einungis í 5 löndum innan skólatímans (Estland, Lettland, Austuríki, Sviðjóð og Noregi), þó ekki alltaf þarna í raun en er mælt með.

Austuríki: kennslu í móðurmálinu (language of instruction) er hluti af skyldunáminu, 19 algengustu tungumál, mest í serbnesku og tyrknesku. Móðurmálskennsla hins vegar getur verið annað hvort bæði innan og utan hefbundna skólatíma, ekki próf/einkunnir í grunnskólanum (1-4 bekk), má vera í menntaskólanum, viðurkenning sem erlent tungumálanám

Noreg: er með námskrá í móðurmálskennslu, engar einkunnir, kennslan fer fram með því yfirlýsta markmiði að styðja börnin í aðlögun/norskunámi.

Í sumum löndum er móðurmálskennsla möguleiki sem val í námi erlendra tungumála

Eistland: móðurmál getur verið 2. skyldutungumálanám (sbr. Dönsku hér) ef kennari fæst en ríkið fjármagnað, lítið notað

Frakkland: móðurmálskennsla getur verið í formi kennslu erlends tungumáls, vandamál: kennaramenntun

Slóvenía: nemendur geta valið móðurmálið sem erlent tungumálanám

Bretland: nemendur geta valið móðurmálið sem erlent tungumál

Irland: nefnd að innleiða tillögur Evrópuráðs varðandi plurilingualism. Tvítyngt kennsla, tilraunaverkefni í Portúgal þar sem tvítyngdar bekkir eru í Portúgölsku-mandarín og Portúgölsku-creole

Mörg lönd eru með stefnu sem tekur mið við fjölbreytni í tungumálum sem kostur og sýna vilja að rækta/styðja slíka fjölbreytni:

- Þýskaland (Integration as a Chance – together for more equality) undirstrikar mikilvægi þess að tungumál nemenda séu hluti af daglega skólastarfinu
- Eistland: stefna sem ætlar að byggja upp aðstæður þar sem allir geta viðhaldið sínu tungumáli og menningu
- Spánn: Strategic Plan for Citizenship and Integration 2008-2013, viðhalda tungumáli og menningu
- Portúgal: útgáfa stefnuplaggs með tillögum fyrir stuðningu við móðurmál
- Önnur lönd með sambærilega stefnu: Finland, Irland, Grikkland, Lúxembúrg og Slóvenía